

Apríl 2021



Frístundaheimili – leikur og nám á forsendum barna

Þemahefti um frístundaheimili



Stjórnarráð Íslands
Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Eftirtaldir meðlimir Rannsóknarstofu í tómstundafræðum við Menntavísindasvið Háskóla Íslands lögðu til efnivið, skrifuðu eða rýndu efni þessa þemaheftis: Eygló Rúnarsdóttir, Jakob Frímann Þorsteinsson, Kolbrún Þ. Pálsdóttir, Oddný Sturludóttir, Ruth Jörgensdóttir Rauterberg, Steingerður Kristjánsdóttir og Vanda Sigurgeirsdóttir.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar á Nýsköpunarmiðju og frístundahluta fagskrifstofu, Þóra Melsted deildarstjóri barnasviðs í Gufunesbæ og Hildur Skarphéðinsdóttir sérfræðingur í málefnum leikskóla. Þá fá einnig þakkir höfundar *Frístundalæsis*, Fatou N'dure Baboudóttir og Tinna Björk Helgadóttir.

Ritstjóri er Oddný Sturludóttir.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti

Sölvhólgötu 4 – 101 Reykjavík
545 9500 | mrn@mrn.is

Apríl 2021

© 2021 – Mennta- og menningarmálaráðuneytið

stjornarradid.is



Efnisyfirlit

Aðgerðir stjórnvalda til eflingar frístundaheimila	4
Kveðja frá ráðherra	5
Kveðja frá ritstjóra	6
Íslensk frístundaheimili	8
Viðmið um gæði starfs á frístundaheimilum	9
Frístundaheimili sem jarðvegur fyrir nám í viðum skilningi	10
Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna í starfi frístundaheimila	13
Þemaheftið í 100 orðum!	13
Félags- og samskiptahæfni á frístundaheimilinu	14
Vettvangur vinatengsla	14
Hvað einkennir aldursskeiðið 6–9 ára?	16
Leikur á frístundaheimilinu	17
Lýðræði á frístundaheimilinu	20
Raddir barnanna á frístundaheimilinu	22
Margbreytileiki – Frístundaheimili fyrir öll börn	26
Heimurinn er á frístundaheimilinu	28
Hann, hún, hán, hé og hín á frístundaheimilinu	31
Skapandi læsi á frístundaheimilinu	33
Útivera og umhverfismál í starfi frístundaheimila	35
Heilsueflandi frístundaheimili	37
Samstarf frístundaheimila við nærsamfélagið	38
Samstarf við foreldra og fjölskyldur	38
Samstarf við íþróttafélög, lista- og menningarstofnanir og annað æskulýðsstarf	42
Sambætting frístunda- og skólastarfs og samstarf ólíkra fagstétta	44
Húsnæði og umgjörð frístundaheimila	48
Sveitarfélög og þróunarstarf á frístundaheimilum	50
Leiðtogar frístundaheimila og framtíðarsýn	51
Heimildaskrá	52

Aðgerðir stjórnvalda til eflingar frístundaheimila

Frístundaheimili starfa við nær alla grunnskóla landsins þar sem yngri börn eru við nám í 1.–4. bekk. Frístundaheimilum hefur vaxið fiskur um hrygg hin síðari ár og víða hefur þróun fagstarfsins verið hröð. Árið 2016 samþykkti Alþingi þýðingarmikla [breytingu á grunnskólalögum](#) þar sem skýrt kemur fram að öllum börnum í yngri árgöngum grunnskóla skuli boðið upp á þjónustu frístundaheimila með áherslu á val barna, frjálsan leik og fjölbreytt viðfangsefni og umhverfi. Í lögnum er einnig kveðið á um að samþætting frístunda- og skólastarfs eigi að vera leiðarljós starfseminnar og að tekið skuli mið af þörfum, þroska og áhuga barna.

Í kjölfar hinnar nýju lagagreinar lét mennta- og menningarmálaráðherra hefja gerð [gæðaviðmiða](#) fyrir frístundaheimili sem nú hafa verið kynnt öllum sveitarfélögum á landinu. Lokahnykkurinn í ferlinu er svo útgáfa þemaheftis um frístundaheimili, sem kemur nú út í fyrsta sinn á Íslandi.

Þemaheftinu er ætlað eftirfarandi hlutverk:

Að draga saman hugmyndafræðilegan grundvöll frístundaheimilisstarfs á Íslandi

Að veita stjórnendum frístundaheimila stuðning í starfi, sérstaklega í nýliðabjálfun

Að hvetja til umræðu um mikilvægi vandaðs starfs á frístundaheimilum

Að vænta sívaxandi fagmennsku og þróunar til framtíðar

Að vera upplýsandi fyrir foreldra og allan almenning um starf frístundaheimila

Að vera rökstuðningur og hvatning fyrir sveitarfélög til að tryggja frístundaheimilum aðbúnað og faglega umgjörð við hæfi

Þemaheftið er stutt fjölbreyttum tilvísunum, hlekkjum á hagnýtt efni og innsýn í þróunarstarf af vettvangi frístundaheimila um land allt. Það kemur bæði út í rafrænu og prentuðu formi. Á vef mennta- og menningarmálaráðuneytis er að finna [sjálfsmatstæki byggt á gæðaviðmiðum fyrir frístundaheimili](#) sem stjórnendur og starfsfólk getur stuðst við.

Kveðja frá ráðherra

Frístundaheimili gegna mikilvægu hlutverki í lífi margra fjölskyldna barna á grunnskólaaldri. Þar fer fram frábært starf sem við vinnum nú að því að efla enn frekar. Liður í því er innleiðing gæðaviðmiða um starfið og útgáfa þessa þemaheftis. Mikið og gott samráð hefur átt sér stað í þeirri vinnu við sveitarfélögin sem reka frístundaheimilin og aðra helstu hagsmunaaðila starfseminnar og fyrir það ber að þakka. Ég vil einnig þakka þeim fjölmörgu sem lögðu hönd á plóg við undirbúning og skrif þessarar útgáfu, fræðimönnum, sérfræðingum og fagfólki í skóla- og frístundastarfi.

Börn eiga rétt á menntun sem gefur þeim tækifæri til að þroskast á eigin forsendum og rækta hæfileika sína, sem og tómstundum sem hæfa aldri þeirra. Íslensk frístundaheimili hafa réttindi þessi sem tilgreind eru í Barnasáttamála Sameinuðu þjóðanna í hávegum og setja frjálsan leik barna og fjölbreytt viðfangsefni í öndvegi. Leiðirnar sem farnar eru til þess að byggja upp mikilvæga hæfni barnanna til að takast á við áskoranir dagsins og framtíðarinnar eru óteljandi og taka mið af fjölbreyttum þörfum þeirra.

Það er von mín að útgáfa þessi rati sem víðast og komi að gagni í blómlegu starfi frístundaheimila vítt og breitt um landið. Útgáfa þessi markar ákveðin tímamót því hún er bæði lokahnykkur þess ferlis sem hófst með gerð gæðaviðmiða fyrir frístundaheimili en einnig fyrsta þemaheftið sem ætlað er að vera faglegur stuðingur við nýja menntastefnu Íslands til ársins 2030.

Lilja D. Alfreðsdóttir,
mennta- og menningarmálaráðherra





Kveðja frá ritstjóra

Nú hef ég lifað öll mín bestu ár!

Þessi orð mælti Lína Langsokkur á 10 ára afmælisdaginn sinn – og hvort sem við tökum undir þau eða ekki, er ljóst að fyrstu 10 ár í lífi hvernar manneskju eru stórkostlegur umbrotatími. Sex ára gömul börn finna jafnt til eftirvæntingar og óöryggis við það að ganga yfir brúna frá leikskóla í grunnskóla — og samtímis byrja þau langflest á frístundaheimili. Það er mikilvægt að veita þeim öryggi með traustum ramma um starf frístundaheimila og hlúa vel að samskiptum og upplýsingagjöf til foreldra á þessum miklu tímamótum í lífi barna. Hlutverk frístundaheimila fyrir 6–9 ára gömul börn er skilgreint svo í gæðaviðmiðum stjórnvalda:

Meginhlutverk frístundaheimila fyrir 6–9 ára börn er að bjóða þeim innihaldsríkt frístunda- og tómstundastarf í barnvænu og skapandi umhverfi þar sem starfshættir einkennast af frjálsum leik og vali.

Möguleikar frístundaheimila til að móta umhverfi og aðstæður til leikja, mótunar vináttutengsla, eflingar félagsfærni, náms, læsis, sköpunar og þroska eru óþrjótandi. Allt eru þetta mikilvægir þættir í lærdómsumhverfi barna og þeirri hæfni sem íslensk menntastefna setur í öndvegi. Þannig eru frístundaheimili óumdeilanlega mikilvægur hlekkur í keðju menntunar, fagstarfi þeirra fleygir fram og framtíð þeirra er björt.

Það er von mín að þemaheftið varpi ljósi á gildi, sérstöðu og mikilvægi frístundaheimila í menntakerfinu og að stjórnvöld og sveitarstjórnir styðji við starf þeirra með ráðum og dád. Það er einnig von mín að þemaheftið geti verið innblástur, hvatning og stuðningur við öflugt fagstarf frístundaheimila, þar sem leikur og nám fer fram á forsendum barna.

Oddný Sturludóttir,
*ritstjóri þemaheftis um frístundaheimili
og aðjunkt við Menntavísindasvið Háskóla Íslands.*

Íslensk frístundaheimili

Frá síðustu aldamótum hafa sífellt fleiri sveitarfélög boðið yngstu börnum grunnskólans upp á dvöl frá því að skóladegi þeirra lýkur og fram til þess að foreldrar þeirra ljúka sínum vinnudegi. Í [könnun](#)¹ meðal sveitarfélaga frá árinu 2013 kom fram að 92% svarenda buðu upp á þjónustu frístundaheimila fyrir 1.–4. bekk. 95% landsmanna bjuggu í þeim sveitarfélögum sem svöruðu könnuninni. Í sömu könnun kom fram að þátttaka barna á frístundaheimili jókst frá árinu 2009 og sú þróun hefur haldið áfram í vel flestum sveitarfélögum allar götur síðan. Í upphafi skólaársins 2018–2019 voru til að mynda 97.1% barna í 1. bekk almennra grunnskóla í [Reykjavík skráð á frístundaheimili](#), 91.7% barna í 2. bekk, 72.5% barna í 3. bekk og 28.3% barna í 4. bekk.



Fyrsta íslenska „skóladagheimilið“ var stofnað árið 1971 í Reykjavík. Það starfaði samkvæmt lögum um dagvistarstofnanir og það voru fóstrur sem leiddu fagstarfið. Í sögulegum skilningi mætti segja að rætur leikskóla og frístundaheimila séu sprottnar úr sama jarðvegi innan menntakerfisins.² Alla tíð hefur samhljómur verið milli leikskóla og frístundaheimila, með áherslu á frjálsan leik, val um viðfangsefni, virka þátttöku og félagsfærni.

Íslensk frístundaheimili hafa fylgt þróun frændþjóða sinna á Norðurlöndum þegar kemur að hugmyndafræðinni sem liggur slíkri starfsemi til grundvallar. Sú hugmyndafræði setur frjálsan leik barna í forgrunn og leggur áherslu á fjölbreytt viðfangsefni. Séu stefnur um frístundastarf stórra sveitarfélaga á Íslandi skoðaðar má sjá áherslu á:

Reynslunám þar sem börn byggja upp þekkingu og öðlast færni með beinni þátttöku í skapandi og fjölbreyttum verkefnum

Virkni, sjálfsmynd, umhyggju og félagsfærni

Heildstæða sýn á menntun og samstarf við foreldra og starfsfólk í lærdómsumhverfi barnanna

Að starf frístundaheimila sé lýðræðislegt og án aðgreiningar

Öll þessi markmið og fleiri til er að finna í viðmiðum um gæði í starfi frístundaheimila.

¹ Kolbrún Þ. Pálsdóttir, 2014a. ² Kolbrún Þ. Pálsdóttir, 2009.

Viðmið um gæði starfs á frístundaheimilum

Viðmiðum mennta- og menningarmálaráðuneytis fyrir starf frístundaheimila er gert að styðja við það starf sem fram fer í sveitarfélögum landsins. Markmiðin eru 16 talsins og er þeim dreift jafnt og þétt um texta þemaheftis, ásamt sýnidæmum um gæðaviðmiðin sem eru 48 talsins. Gæðaviðmiðin geta frístundaheimili nýtt sem verkfæri til innra mats, sem hvatningu fyrir starfsþróun og skipulag starfsins, sem grunn að umbótaverkefnum og sem stuðning fyrir mótun stefnu um starf frístundaheimila. Viðmiðin geta vonandi einnig nýst sem umræðugrundvöllur við bandamenn frístundaheimilisstarfsins á hverjum stað, svo sem leik- og grunnskóla, foreldrasamfélagið og aðra þá aðila sem hlúa að velferð, uppeldi og menntun barna á aldrinum 6–9 ára.

Börnin á frístundaheimilinu	1. Börnum líður vel og eru örugg, heilbrigð og glöð	2. Börnin hafa sterka sjálfsmynd og félagsfærni
	3. Börnin eru virkir þátttakendur og hafa jöfn tækifæri til að hafa áhrif á starfið og aðstæður	4. Börnin eru áhugasöm um starfið og styrkur þeirra fær að njóta sín
Starfshættir og viðfangsefni	5. Virkt samstarf er við foreldra, skóla, íþrótta- og æskulýðsfélög og aðra í grenndarsamfélaginu	6. Starfsumhverfið er án aðgreiningar og einkennist af hlýju, öryggi og virðingu
	7. Viðfangsefnin eru fjölbreytt og skapandi og mótask af áhuga barna og þroska þeirra	8. Lýðræðislegir starfshættir, frumkvæði barna, val og frjáls leikur eru ríkjandi
Mannauður og faglegt starf	9. Sveitarfélag mótar stefnu um frístundaheimili og stuðlar að fagþróun starfsins	10. Uppeldismenntaður forstöðumaður stýrir starfseminni og veitir faglega forystu
	11. Starfsfólk er hæft og hefur frumkvæði að því að nýta áhugamál sín og þekkingu í starfi	12. Starfsfólk er jákvætt í samskiptum og kemur fram við öll börn af virðingu og umhyggju
Bjargir og skipulag	13. Skilvirk upplýsinga- og samskiptatækni styður við starfsemina á fjölbreyttan hátt	14. Starfsemin er skipulögð, opnunartími og dagskipulag eru sýnileg og kynnt börnum, foreldrum og helstu samstarfsaðilum
	15. Húsnæði og útileiksvæði eru örugg og taka mið af forsendum frístundastarfs, jöfnum tækifærum og ólíkum þörfum allra barna	16. Úrval af efniviði og búnaði er til staðar sem höfðar til mismunandi áhugasviðs barna og mætir þörfum þeirra óháð aldri og þroska

Markmiðin 16 fyrir starf frístundaheimila. Hverju markmiði fylgja þrjú viðmið um gæði.

Frístundaheimili sem jarðvegur fyrir nám í víðum skilningi

1

Börnum líður vel og eru örugg, heilbrigð og glöð

Flestir sem láta sig velferð barna varða hafa skoðun á námi þeirra, hvar það á sér stað, við hvaða aðstæður og í hvaða samhengi. Hálfformlegt, óformlegt og sjálfsprott-ið nám er ríkur þáttur menntunar og morgunljóst að börn læra allan sólarhringinn, utan skóla sem innan, að sumri jafnt sem vetri. Þróun síðustu ára hefur verið í átt að heildstæðri sýn á menntun, þar sem hugur, hjarta og hönd eru virkjuð jafnhliða og þar sem fjölbreyttar fagstéttir starfa saman að menntun, uppeldi og velferð barna.³

Í menntastefnum þjóða víða um heim eru mörkin milli náms í hinu formlega skólakerfi og svo náms sem á sér stað í hálfformlegu samhengi, t.d. á frístundaheimilum, sífellt að verða óljósari. Fræðimenn hafa sagt að hið formlega skólakerfi taki sífellt meira mið af þáttum sem hafa verið einkenni og styrkur frístundastarfs í gegnum tíðina.⁴ Í danskri rannsókn kom fram að þrenns konar lærdómur eigi sér stað á frístundaheimilum, börnin læri að vera þau sjálf, þau tileinki sér nýja hæfni og þau öðlist ýmiss konar þekkingu. Lærdómsferlið sé því bæði óformlegt og formlegt en námstækifærin séu háð þeirri uppeldislegu hugmyndafræði sem frístundaheimilið byggir á, hæfni starfsfólks, sameiginlegum gildum, skipulagi, tíma og stuðningi frá ytra umhverfi.⁵

Sú hæfni sem aðalnámskrár og menntastefnur þjóða vilja byggja upp hjá börnum og ungmennum er til dæmis að þau séu sjálfstæð, úrræðagóð, skapandi, gagnrýnin, víðsýn, fær um að tengjast öðrum á góðan hátt, fær í samvinnu, óhrædd við að taka áhættu, hæf í samskiptum og alþjóðleg í hugsun.⁶ Grunnþættir íslenskrar menntastefnu styðja vel við starf á frístundaheimilum, með áherslu sinni á [læsi](#), [sjálfbærni](#), [lýðræði](#) og [mannréttindi](#), [jafnrétti](#), [sköpun](#) og [heilbrigði og velferð](#).⁷ Mörg sveitarfélög hafa stefnumótun frístunda- og skólamála undir sama hatti og móta [menntastefnur](#) þar sem frístundastofnanir, leikskólar og grunnskólar róa í sömu átt og láta sömu leiðarljósin lýsa sér leið.

Leiðirnar sem starfsfólk frístundaheimila getur farið til að byggja upp þá mikilvægu hæfni sem við viljum að börn tileinki sér til að öðlast farsæld og takast á við áskoranir daglegs lífs sem og framtíðarinnar, eru óþrjótandi. Hugmyndirnar liggja ekki síst hjá börnunum sjálfum enda koma þau ekki á frístundaheimilið sem óskrifað blað.

³ Kolbrún Þ. Pálsdóttir, 2014b. ⁴ Devaney og Moroney, 2018. ⁵ Kolbrún Þ. Pálsdóttir, 2014b. ⁶ Gunnar E. Finnbogason, 2016; Ritchhart, 2015; Witt og Caldwell, 2018. ⁷ Jakob Frímann Þorsteinsson, 2017; Steingerður Kristjánsdóttir og Kolbrún Þ. Pálsdóttir, 2017.

Þau hafa nærri öll verið í leikskólum í 4–5 ár og þekkja þemavinnu, hópastarf, útiveru, valsvæði og hafa myndað vináttubönd, tekist á og þróað félagsfærni og samskiptahæfni. Það er eitt af mikilvægustu hlutverkum starfsfólks frístundaheimila að móta og þróa starfið með börnunum, virkja þau til þátttöku og deila með þeim valdinu á viðfangsefnum og starfsháttum frístundaheimilisins. Í því liggur ein meginstoð í fagmennsku hins óformlega fræðara.⁸

Reynslunám eða reynslumiðað nám er ferli þar sem hver og einn öðlast færni og þekkingu og breytir gildismati sínu vegna reynslu sem hann verður fyrir. Barn lærir þannig og þroskast með því að ígrunda athafnir sínar og hugsanir – og læra af reynslu sinni. Reynslunám byggir á virkni og hvetur börn til að vera gerendur en ekki áhorfendur í hverju því sem þau taka sér fyrir hendur. Reynslumiðað nám er ein af grunnstoðum tómstunda- og æskulýðsstarfs,⁹ og þar með starfs frístundaheimila.

”

Gjarnan er vísað til námshrings Kolbs þegar reynslumiðað nám er til umfjöllunar. Reynslunámshringur Kolbs er líkan sem byggir á kenningum nokkurra fræðimanna, m.a. Deweys og Piagets, þar sem lærdómi er lýst sem ferli reynslu, athafna, ígrundunar og ályktana.¹⁰ Samkvæmt Kolb er höfuðatriði að taka mið af því hvernig einstaklingur lærir og að nýta aðferðir eins og persónulega ígrundun og samræðuna til að styðja við ferli náms.¹¹

Vettvangur menntunar í nútímasamfélagi er fjölbreyttur og nær langt út fyrir hinn formlega leik- og grunnskóla. Börn samtímans þroskast og læra innan íþróttahreyfingarinnar, í tónlistar-, dans- og myndlistarnámi og margvíslegu frístundastarfi um lengri eða skemmri tíma. Fjölbreytt flóra af fólki kemur að þessu starfi: Kennarar, tómstunda- og félagsmálafræðingar, þjálfarar, leiðbeinendur og sjálfboðaliðar.¹² Ýmis hugtök eru notuð til að skilgreina ólíkar tegundir náms, svo sem formlegt, óformlegt og hálfformlegt nám eða menntun. Frístundaheimili falla undir hálfformlegt nám og það hefur yfirleitt skilgreind uppeldis- og menntunarmarkmið, stendur yfir ákveðið tímabil og þátttakendur geta verið formlega skráðir. Í hálfformlegu námi er lögð rík áhersla á valdeflingu og sjálfstæði þátttakenda og hlutverk leiðbeinenda er viss leiðsögn eða verkstjórn en ekki stýrandi hlutverk. Óformlegt nám er það nám og þroski sem hver og einn öðlast í daglegu lífi,¹³ stundum vísað til sem sjálfsprottins náms.¹⁴

Nákvæmari umfjöllun um þessi hugtök og ýmis önnur er tengjast starfi frístundaheimila má finna í orðasafni um tómstundafræði.

⁸ Jakob Frímann Þorsteinsson, 2017. ⁹ Jakob Frímann Þorsteinsson, 2017. ¹⁰ Kolb, 1984. ¹¹ Kolbrún Þ. Pálsdóttir, 2017.

¹² Jakob Frímann Þorsteinsson, 2017. ¹³ Jakob Frímann Þorsteinsson, 2017. ¹⁴ Kolbrún Þ. Pálsdóttir, 2014b.



Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna í starfi frístundaheimila

Frístundaheimili eru hluti menntakerfisins og taka þar með mið af heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. [Fjórða heimsmarkmið; Menntun fyrir alla](#) er meginverkefni menntakerfisins og kveður á um menntun fyrir alla, jafnræði til náms, mikilvægi þess að margbreytileikinn sé virtur og að rödd jaðarsettra hópa barna og unglunga heyrast. Markmið 4.7 er fyrirferðarmikið í þemahefti um frístundaheimili. Þar segir:

”

Eigi síðar en árið 2030 verði tryggt að allir nemendur öðlist nauðsynlega þekkingu og færni til þess að ýta undir sjálfbæra þróun, meðal annars með menntun sem er ætlað að efla sjálfbæra þróun og sjálfbæran lífsstíl, með því að hlúa að friðsamlegri menningu, með mannréttindum, kynjajafnrétti, alheimsvitund, viðurkenndri menningarlegri fjölbreytni og framlagi menningar til sjálfbærrar þróunar.

Frístundaheimili geta farið fjölmargar leiðir til að innleiða heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Allt frá umræðu um matarsóun í síðdegishressingu til viðburða á borð við Réttindagöngu barna sem fram fer árlega í Reykjavíkuborg. Í þemaheftinu verður bent á verkefni sem hafa beina skírskotun til heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna þar sem við á, en ljóst er að tækifæri í starfi frístundaheimila til að vinna að framgangi heimsmarkmiða eru á hverju strái.

Þemaheftið í 100 orðum!

Þemaheftið fjallar um þann mikilvæga vettvang sem frístundaheimili eru fyrir 6–9 ára gömul börn. Sá vettvangur hefur sannað gildi sitt svo um munar og víða eru óendanlega mörg sóknarfæri til staðar til að efla gæði starfsins. Í þemaheftinu verður fjallað um félags- og samskiptahæfni, leik og lýðræði, raddir barna, margbreytileikann og fjölmenningu, mál og læsi, útivist og ævintýri, skapandi starf, samþættingu og samstarf, leiðtoga og þróunarstarf, umgjörð frístundaheimila og framtíð ungrar fagstéttar. Hagnýt dæmi úr starfi frístundaheimila smeygja sér inn víða og varpa ljósi á gróskuna í starfinu, hið sama á við um markmið stjórnvalda um gæðastarf á frístundaheimilum.

Félags- og samskiptahæfni á frístundaheimilinu

Í menntastefnum víða um heim má sjá sífellt meiri áherslu á félags- og tilfinningaþroska barna, hæfni til samvinnu, góðra samskipta, skilnings og samkenndar.¹⁵ Sé litið til nýrra gæðaviðmiða mennta- og menningarmálaráðuneytisins um frístundaheimili má sjá markmið á borð við að: börnum líði vel og séu örugg, heilbrigð og glöð, og að börnin hafi sterka sjálfsmynd og félagsfærni. Í nýlegri menntastefnu Reykjavíkurborgar *Látum draumana rætast* eru tilgreindir fimm grundvallarþættir fyrir leikskóla-, grunnskóla- og frístundastarf: Félagsfærni, sjálfsefning, læsi, sköpun og heilbrigði. Í frístundastarfi víða um heim hefur einkum verið lögð áhersla á að efla sjálfsmynd, umhyggju, félagsfærni, virkni og þátttöku barna. Það hefur verið einkenni og sérstaða frístundaheimila að hafa eflingu sjálfsmyndar og félagsfærni í brenni-depli í starfinu. Í raun er vandfundinn sá staður í lærdómsumhverfi barna þar sem betri tækifæri gefast til þess og börn segja sjálf frá því í rannsóknnum að frístundaheimili séu staður þar sem þau fá tækifæri til að hitta önnur börn, eignast vini og leika sér frjálst við þá.¹⁶ Að mörgu leyti koma frístundaheimili í staðinn fyrir heimili, bakgarða, stigaganga og útisvæði sem áður voru vettvangur ungra barna til leikja. Í rannsóknnum hafa börn lýst því að í skólanum fái þau ekki endilega val um með hverjum þau eru og hjá hverjum þau sitja, en að í frístundaheimilinu hafi þau frelsi til að leika við vini sína, þau hjálpist að og styðji hvert annað, sérstaklega þegar þau skipta um umhverfi og fara úr grunnskólanum og yfir í frístundaheimilið.¹⁷

2

Börnin hafa sterka sjálfsmynd og félagsfærni

Vettvangur vinatengsla



Greina má fjögur einkenni vináttusambanda: Þau byggja á vilja, í þeim felst gagnkvæmni, tilfinningabönd eru til staðar og þau myndast oftast á milli einstaklinga á svipuðu þroskastigi.¹⁸

Að rækta vináttu í barnæsku leggur grunn að öðrum samböndum sem einstaklingar mynda ævina á enda. Frístundaheimili eru mikilvægur vettvangur fyrir börn, ekki síst þau sem gengur illa að eignast vini og geta fengið stuðning og hvatningu frá starfsfólki frístundaheimilisins.¹⁹

¹⁵ Devaney og Moroney, 2018. ¹⁶ Simoncini, Cartmel og Young, 2015. ¹⁷ Kolbrún Þ. Pálsdóttir, 2019.

¹⁸ Bagwell og Schmidt, 2011. ¹⁹ Steingerður Kristjánsdóttir og Kolbrún Þ. Pálsdóttir, 2017.

Stundum eru samskipti barna á neikvæðum nótum. Félagsleg útilokun, stríðni og í verstu tilfellum einelti, reynir á börn og mikilvægt er að starfsfólk þekki [leiðir til lausna](#). Ef frístundaheimili hafa ekki nú þegar samskiptareglur ætti að huga að mótun þeirra í samstarfi við börnin. Samskiptareglur ýta undir og styðja uppbyggileg og jákvæð samskipti. Það er mikilvægt að bæði fullorðnir og börn geti tileinkað sér reglurnar og myndræn framsetning eykur sýnileika reglnanna og öryggi allra til að festa þær í sessi. Ekkert kemur þó í staðinn fyrir árvekni og inngrip frá starfsfólki frístundaheimila, þegar vart verður við neikvæð samskipti barna.

Starfsfólk frístundaheimila er í lykilstöðu þegar kemur að forvörnum gegn einelti. Með viðeigandi stuðningi og fræðslu er hægt að skipuleggja markvissa skimun eftir áhættuþáttum í hegðun ungra barna. Í kjölfarið er hægt að skipuleggja viðeigandi stuðning og lausnir. Lykilatriði er að vinna þétt með öðrum í lærdómsumhverfi barnanna, svo sem starfsfólki skólans og annars frístundastarfs í nærumhverfinu. Talað er um þrjá ytri þætti í lífi barna sem vernda þau gegn einelti: Stuðning fjölskyldu, vináttu og þátttöku í íþrótt- og frístundastarfi. Á frístundaheimilinu er hægt að vinna með tvo þætti af þremur, vináttuna og þátttökuna í starfi frístundaheimilisins.²⁰

Í frístundastarfinu er unnið gegn andfélagslegri hegðun í hverju svo sem hún kann að birtast svo sem einelti, öðru ofbeldi, niðurlægingu og kynbundinni og annars konar mismunun til að tryggja almenna velferð barna.

Viðmið um gæði 1b

Vanda Sigurgeirsdóttir, lektor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands þróaði verkefnið *Allir vinir* sem nota má á frístundaheimilum. [Allir vinir](#) er forvarnarverkefni gegn einelti þar sem unnið er með vináttu, samvinnu og félagsfærni. Í verkefninu er gengið út frá því að samvinna sé lykilatriði í samskiptum frístundaheimilisins, grunnskólans sem börnin ganga í og foreldra barnanna.

²⁰ Vanda Sigurgeirsdóttir, 2017.

Hvað einkennir aldurskeiðið 6–9 ára?

Það er mikilvægt að þekkja helstu einkenni aldurskeiðsins 6–9 ára, þegar kemur að félagsfærni og mótun sjálfsmyndar. Fyrir utan öran þroska líkamans, hreyfifærni og hreyfipörf þessa aldurskeiðs, er einkennandi að hæfni barnanna til að setja sig í spor annarra vex hratt á þessum árum, forvitni og jákvæðni einkennir aldurshópin sem og löngun til að læra nýja hluti. Þá er sjálfstraust barnanna gjarnan lítið í upphafi aldurskeiðsins, en vex þó hratt eftir því sem börnin eldast.



Í frístundaheimilinu Eldflauginni í Reykjavík er starfræktur klúbburinn Stuðboltar. Honum er ætlað að ná til krakka sem eru kvíðin og áhyggjufull. Unnið er með börnum í hóp, lesin bók sem nefnist Hvað get ég gert við of miklar áhyggjur?²¹ og börnum hjálpað að takast á við áskoranir í sameiningu. Ávallt er kallað eftir samstarfi við fjölskyldur barnanna áður en þeim er boðið að taka þátt í starfi Stuðboltanna.

Að hvetja börn til dáða er eitt mikilvægasta hlutverk starfsfólks frístundaheimila, ekki síst að vekja athygli þeirra á eigin framförum þegar kemur að sjálfsmynd og félagsfærni. Ein leið sem reynst hefur vel, er að hvetja þau eldri til að vera þeim yngri fyrirmynd, skipuleggja til að mynda sérstaka móttöku fyrir 1. bekk þar sem börn í 2.–4. bekk taka að sér að sýna þeim frístundaheimilið og umhverfið og leiða þau inn í dagskipulagið. Á mörgum frístundaheimilum hefur gefist vel að gefa eldri börnunum tækifæri til að vera út af fyrir sig, t.d. í sérstökum klúbbum. Með því er hægt að þróa starfið betur í takt við þeirra væntingar – og ekki síst að hafa meiri væntingar fyrir þeirra hönd. Það fyllir börnin stolti að fá að takast á við öðruvísi og meira krefjandi verkefni með hækkandi aldri.²²

Starfsfólk hrósar og hvetur hvert annað og börnin

Viðmið um gæði 12c

Nú sem fyrr skiptir viðmót starfsfólks, umhyggja og hvatning afar miklu máli. Börnin horfa upp til starfsfólksins og læra af því það sem fyrir þeim er haft. Í samskiptum barna og fullorðinna mótast hin persónulega sjálfsmynd barnsins, hvert það sé og hvað það getur orðið í augum hins fullorðna.²³

²¹ Huebner, 2009. ²² Steingerður Kristjánsdóttir og Kolbrún Þ. Pálsdóttir, 2017. ²³ Cummins og Early, 2011; Nieto, 2010.

”

Bandaríska fræðikonan og femínistinn Nel Noddings fjallar um mikilvægi umhyggju í skrifum sínum og telur hana eiga að vera kjarna alls starfs með börnum. Menntun á grunni umhyggju byggir á fjórum þáttum: Að vera fyrirmynd, að eiga í virku samtali við börnin, að gefa börnum kost á að spreyta sig og framkvæma og loks að samþykkja eða staðfesta tiltekna hegðun sem eflir sterkar hliðar barna.²⁴

Leikur á frístundaheimilinu

Frístundaheimili eru vettvangur hins frjálsa leiks. Sú hugmyndafræði hefur mótað frístundaheimili á Norðurlöndum og Ísland er þar engin undantekning. Talað er um barnhverfa uppeldisfræði þar sem hvatt er til sjálffræðis barna, að þau taki þátt í að velja viðfangsefni sín og skipuleggja starfið í frístundaheimilinu og að frjálsum leik þeirra sé gefið gott svigrúm.²⁵ Í frjálsum leik virkjum við sköpunarkraft og ímyndunarafl barna og þau þroska samskiptin sín á milli. Frjálsi leikurinn styrkir sjálfsmynd þeirra sem og sýn þeirra á raunveruleikann, þau læra að sýna samhygð og takast á við eigin mörk og annarra. Með því að „læra í gegnum leik“ öðlast barn nýja þekkingu, áhugi, leikgleði og reynsla barns fær byr undir báða vængi samhliða því að það eykur við færni sína.²⁶

Frjálsum leik barna er gefið gott svigrúm

Viðmið um gæði 3b

Segja má að frjálsi leikurinn einkennist af fjórum þáttum:

1. Innri hvöt
2. Félagsfærni, samskiptum og tjáningu
3. Sjálffræði
4. Veruleikinn er settur til hliðar í hlutverkaleikjum²⁷

²⁴ Noddings, 1995. ²⁵ Steingerður Kristjánsdóttir og Kolbrún Þ. Pálsdóttir, 2017.

²⁶ Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar, 2013.²⁷ Lillemyr, 2009.

Eðli leiks

Innri hvöt keyrir leikinn áfram =
spenna, ánægja, sterkt aðdráttarafl.
Mikil umbun fyrir barnið:
Frábært námstækifæri

Félagsfærni / samskipti / tjáning:
Barn verður að spila með, hlusta,
skilja reglur, tengja við þemað
og vinna með öðrum...

Leikur

Sjálfræði (control):
Barn ákveður leiðir,
hlutverk, reglur,
næstu skref...

Veruleiki settur til hliðar = „þykjó“
= Frelsi og ímyndunarafl,
sköpunarmáttur.
Barn er öruggt (low-risk)



Mikilvægt er að hafa í huga hvernig starfsfólk getur skapað ákjósanlegar aðstæður svo að hinn frjálsi leikur barna geti blómstrað. Húsnæði og útisvæði verður að hæfa leiknum og opinn efniviður er mikilvægur, svo sem trékubbar, púðar, teppi, stólar og borð sem hægt er að færa til og fatnaður eða búningar fyrir hlutverkaleiki. Þegar kemur að leik barna er hlutverk starfsfólks að vera til staðar, ekki til að grípa inn í að óþörfu heldur til að skapa góðar leikaðstæður, tryggja leiknum tíma og rými, styðja börnin í að leysa ágreining og skapa námstækifæri með því til dæmis að styðja við börn sem komast ekki inn í leikinn af sjálfsdáðum.²⁸ Með öðrum orðum, þá reynir starfsfólk að stýra leiknum sem minnst en gefur til kynna með fasi eða orðum hvaða augum það lítur börnin og leikinn sem þau sameinast í.

4

Börnin eru áhugasöm um starfið og styrkur þeirra fær að njóta sín

Þegar barn gleymir stund og stað í frjálsum leik, einbeitir sér og er niðursokkið í viðfangsefni sín er talað um að það komist í flæði, eða flæðisástand. Þegar börn eru í flæði skynja þau væntingar til sín hæfilega krefjandi, einbeiting þeirra er í hámarki og þau fá tilfinningu fyrir því að þau séu að sigrast á áskorunum. Börn hafa alveg sérstakan hæfileika til að komast í flæðisástand og það er talið mjög mikilvægt til að kveikja hjá þeim áhuga á viðfangsefnum sínum.²⁹



Flæði eða flæðisástand er hugtak úr smiðju ungversk-bandaríska sálfræðingsins Mihaly Csikszentmihalyi, sem er einn af forsprökkum jákvæðrar sálfræði. Leikskóla-starf er gjarnan skipulagt með aðstæður fyrir flæði í huga: Rými er skipt upp í ákveðin leiksvæði, boðið er upp á fjölbreytt viðfangsefni og börn hafa bæði rými og tíma fyrir leik sinn. Á þennan veg eru mörg frístundaheimili skipulögð einnig.

Það er mikilvægt að hafa í huga að leikurinn hefur gildi í sjálfu sér, við fullorðna fólkið ættum að hafa í huga að við þurfum ekki að leita að gildi leiksins fyrir börn. Leikur veitir börnum innri gleði, örvar tjáningu, næmni fyrir fegurð og tengir saman fagurfræði, sköpun og reynslu. Leikur endurspeglar hvernig barn á í samskiptum við umhverfi sitt, samfélag og þá menningu sem það elst upp í.³¹ Það er líka mikilvægt að

²⁸ Steingerður Kristjánsdóttir og Kolbrún Þ. Pálsdóttir, 2017. ²⁹ Kristín Karlsdóttir og Anna Magnea Hreinsdóttir, 2016.

³⁰ Sahlberg og Doyle, 2019. ³¹ Lillemeyr, 2009.

gera ráð fyrir regluleikjum, stýrðum og skipulögðum leikjum í starfi frístundaheimila sem og hóp- og spilaleikjum sem geta stutt vel við félags-, hreyfi- og málþroska barna. Hlutverk starfsfólks í skipulagðari leikjum er að útskýra reglurnar, stýra upp að vissu marki á meðan börnin eru að ná tökum á leiknum – og taka þátt í leikjunum með þeim.³² Mikilvægur hæfileiki starfsfólks er að virkja leikgleði sína, allir með í leik!

”

Ýmsar leiðir hafa verið farnar til að skilgreina eða lýsa því hvað leikur er. Sahlberg og Doyle lýsa leiknum á þann veg að hann sé skipulögð leit, tilraun og uppgötvun og varpa með því vísindalegu ljósi á mátt leiksins.³³ Leikur er því fúlasta alvara!

Lýðræði á frístundaheimilinu

Rauður þráður í starfi frístundaheimila er barnalýðræði. [Barnasáttmáli](#) Sameinuðu þjóðanna er einn af mörgum leiðarvísum fyrir starf frístundaheimila. Barnalýðræði styrkir starf frístundaheimila og hvetur til þróunar starfsins. Í anda barnalýðræðis er mikilvægt að huga að því að börn fái að velja viðfangsefni sín á frístundaheimilinu. Frístundaheimili fara nú þegar fjölbreyttar leiðir að þessu, algengt er að sjá myndrænt valkerfi og víða eru haldnir valfundir í upphafi hvers dags. Það er einnig mikilvægt að börnin hafi sjálf ákvörðunarrétt um það hvað er í boði á frístundaheimilinu. Víða eru haldnir barnafundir, lýðræðisfundir eða „[mikilvægir fundir](#)“ á frístundaheimilum til að kanna hug barnanna til viðfangsefna og dagskrár frístundaheimilisins. Á mörgum frístundaheimilum starfa barnaráð, hugmyndakassar eru nýttir og börn taka þátt í kosningum með reglulegu millibili um viðfangsefni frístundaheimilisins.³⁴ Allt eru þetta góðar aðferðir til að fá börn til að axla ábyrgð á viðfangsefnum sínum, efla með sér samfélagslega ábyrgð og hafa áhrif á sitt nánasta umhverfi.

3

Börnin eru virkir þátttakendur og hafa jöfn tækifæri til að hafa áhrif á starfið og aðstæður

³² Lillemyr, 2009. ³³ Sahlberg og Doyle, 2019. ³⁴ Steingerður Kristjánsdóttir og Kolbrún Þ. Pálsdóttir, 2017.

Hlutverk starfsfólks er að gæta að jafnræði svo að raddir allra barnanna heyrist, ekki bara þeirra frökkustu. Einnig þarf að huga að því að vinsælustu viðfangsefnin dreifist jafnt meðal barnanna, óháð því hvaða valkerfi er stuðst við. Frístundaheimili víða um land nýta margar aðferðir til að tryggja réttláta umgjörð sem hæfir börnum svo að barnalýðræði geti blómstrað í starfi frístundaheimilisins.

”

Akureyrarbær hefur innleitt líkan um innleiðingu Barnasáttmálans undir formerkjum Barnvæns sveitarfélags og frístundaheimilið Laugasel í Reykjavík var fyrsta réttinda-frístund UNICEF á Íslandi, og raunar í heiminum öllum! Á réttindafrístundaheimilum er Barnasáttmállinn rauður þráður í starfinu. Hægt er að skipuleggja Kahoot! leik með börnum á frístundaheimilinu þar sem spurt er út í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Börnin hafa daglega val um fjölbreytt og ögrandi
viðfangsefni og taka þátt í að móta þau
í samstarfi við starfsfólk

Viðmið um gæði 3c

Raddir barnanna á frístundaheimilinu

Hin síðari ár hefur sífellt meiri áhersla verið lögð á leiðir og farvegi til að börn geti komið skoðunum sínum um mál sem varða þau á framfæri, haft áhrif á eigið nám og tilveru og tekið virkari þátt í mótun síns samfélags. Þrátt fyrir þær áherslur sýna rannsóknir okkur að yngstu börnin hafi lítil áhrif á sinn dag og fái ekki mörg tækifæri til að ákveða hvað þau gera, með hverjum og hvernig. En börn hafa mörg hver sterka skoðun á umhverfi sínu, bæði frístundaheimilinu og skólanum. Þau geta ung að aldri greint frá mikilvægi þess að hafa sjálfræði um viðfangsefni, þau tjá sig um mikilvægi öryggis og umhyggju og vilja vernd gegn stríðni.³⁵ Þau hafa skoðun á skipulagi starfsins og skilja vel ólík hlutverk stofnana á borð við leikskóla og grunnskóla.³⁶



„Þegar verið er að lesa upp nöfnin og maður þarf að bíða, bíða ...“ Sex ára gamall þátttakandi í rannsókn Kolbrúnar Þ. Pálsdóttur,³⁷ aðspurður um það sem er leiðinlegt í frístundaheimilinu.

Niðurstöður íslenskrar rannsóknar á viðhorfum barna til frístundaheimila bentu til þess að það svigrúm sem frístundaheimilið gefur til frjáls leiks í hópi með jafnöldrum, sé börnum mikilvægt. Í íslenskum sem og erlendum rannsóknum kemur fram að frístundaheimili gegni mikilvægu félagslegu hlutverki og að þar sé möguleiki á töluverðu sjálfræði barna.³⁸ Því má segja að frístundaheimilin gegni lykilhlutverki sem vettvangur þar sem raddir barna og sjónarmið heyrast hátt og skýrt – og þar sem þau fá notið þess að hafa áhrif á viðfangsefni sín í meira mæli.



Franski heimspekingurinn Rousseau sagði að sönn ánægja fælist í því fyrir börn að fá að takast á við alvöruverkefni, vera tekin alvarlega og vera þátttakandi í lífinu. Börn fyllist ánægju og sjálfstrausti þegar þau finna að þeim er treyst og að þau geti, kunni og skilji.³⁹

Löng reynsla er komin á lýðræðisleg vinnubrögð á vettvangi frítímans á Íslandi. Nægir að nefna unglingaráð í félagsmiðstöðvum og hin síðari ár barnaráð á vettvangi frístundaheimila. Með því „að læra til lýðræðis í lýðræði“ er sköpuð umgjörð og umhverfi sem byggir á lýðræðislegu skipulagi, aðferðum og leiðum. Börnin sjálf finna í daglegu starfi að lýðræði er ekki orðin tóm, heldur raunverulegur hluti af því að vera barn á frístundaheimili. Þegar best tekst til eru börn þátttakendur í hugmyndavinnu, undirbúningi, framkvæmd og frágangi. Í ferlinu gefast mýmörg tækifæri til samskipta, samstarfs og sjálfsefningar.⁴⁰

³⁵ Kolbrún Þ. Pálsdóttir, 2012. ³⁶ Jóhanna Einarsdóttir, 2007. ³⁷ Kolbrún Þ. Pálsdóttir, 2012. ³⁸ Kolbrún Þ. Pálsdóttir, 2012.

³⁹ Raddir barna, 2012. ⁴⁰ Eygló Rúnarsdóttir, 2017.

Til eru mörg verkfæri til að tryggja að sjónarmið barna heyrist við skipulag starfs á frístundaheimilum, sem og öðru starfi í lærdómsumhverfi þeirra. Laura Lundy hefur [þróað líkan um þátttöku barna í ákvarðanatöku](#) í tengslum við 12. grein Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, en hún kveður á um rétt barna til að láta skoðanir sínar í ljós og hafa áhrif. Líkanið byggir á því að eftirfarandi þáttum sé gefinn gaumur:

Vettvangur – skapa þarf vettvang þar sem börn eru örugg og öll börn taka þátt

Rödd – tryggja þarf að börn fái nauðsynlegar upplýsingar til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri

Áheyrn – börn njóti áheyrnar og hlustað sé á þeirra sjónarmið

Áhrif – sjónarmið barna eru tekin alvarlega og hafa áhrif á stefnumótun þar sem við á

Í frístundastarfi er algengt að stuðst sé við þátttökulíkan Harry Shier, en það byggir á fimm mikilvægum spurningum sem varpað er fram í fimm þrepum, allt frá því að hlustað er á börnin í 1. þrepi til þess að börn deila valdi og ábyrgð með hinum fullorðnu við ákvarðanatöku í 5. þrepi. Líkanið sýnir að það er ekki fyrr en í 4. þrepi, þegar börn eru virkjuð með til ákvarðanatöku, sem ákvæðum Barnasáttmálans er fyrst mætt.⁴¹

⁴¹ Eygló Rúnarsdóttir, 2017.



Stig þátttöku	Grundvöllur	Tækifæri	Skyldur
5. Börn deila ábyrgð og valdi við ákvarðanatöku	Ertu tilbúin/n að deila hluta af valdi þínu með börnum?	Er verklag sem gerir fullorðnum og börnum kleift að deila valdi og ábyrgð við ákvörðunartöku?	Er það regla/skylda að börn og fullorðnir deili valdi og ábyrgð við ákvörðunartöku?
4. Börn eru virkjuð með í ákvarðanatöku	Ertu tilbúin/n að hleypa börnum að ákvarðanatöku?	Er verklag sem gerir börnum kleift að taka þátt í ákvörðunartöku?	Er það regla/skylda að börn verði að vera aðilar að ákvörðunartöku?
3. Sjónarmið barna eru leiðarljós við ákvarðanatöku	Ertu tilbúin/n að taka mið af sjónarmiðum barna?	Eru ákvörðunartökuferli þess eðlis að það geri þér kleift að taka mið af sjónarmiðum barna?	Er það regla/skylda að sjónarmið barna hafi vægi við ákvörðunartöku?
2. Börn eru studd í að tjá sjónarmið sín	Ertu tilbúin/n til að styðja börn í að tjá sín sjónarmið?	Hefur þú fjölbreyttar hugmyndir að leiðum til að styðja börn í að tjá sín sjónarmið?	Er það regla/skylda að styðja börn í að tjá sín sjónarmið?
1. Hlustað er á börn	Ertu tilbúin/n til að hlusta á börn?	Vinnur þú á þann hátt að þú getir hlustað á börn?	Er það regla/skylda að hlusta á börn?

Mynd 1. Greiningarlíkan um aðkomu barna að ákvörðunum ☒ Ákvæðum barnasáttmálans mætt

Þýðing: Eygló Rúnarsdóttir, aðjunkt

Hlutverk starfsfólks er að setja lýðræði í frístundaheimilinu á dagskrá með því að móta stefnu þar um og gera hana sýnilega börnunum með sjónrænum hætti. Starfsfólk sem kallar eftir sjónarmiðum barna og sýnir skoðunum þeirra og hugmyndum áhuga er mjög mikilvæg fyrirmynd. Með því hlúir starfsfólk að lýðræðisvitund barna og sýnir þeim umhyggju og virðingu í verki.⁴²

Í frístundastarfinu fá börnin tækifæri til að skiptast á skoðunum við önnur börn og fullorðna, miðla málum og finna sameiginlegar lausnir

Viðmið um gæði 2c



Frá afmælishátíð Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem fram fór í Listasafni Reykjavíkur 20. nóvember 2019. Fyrr um daginn höfðu börn á frístundaheimilum Tjarnarinnar og Gufunesbæjar í Reykjavík farið í „Réttindagöngu“ um nærumhverfi sitt með spjöld sem þau höfðu sjálf unnið.

⁴² Eygló Rúnarsdóttir, 2017.

Margbreytileiki – Frístundaheimili fyrir öll börn

Eitt leiðarljósa íslenskrar menntastefnu er að menntun skuli vera án aðgreiningar. Sama á við um frístundastarf, eins og kemur fram í gæðaviðmiðum Mennta- og menningarmálaráðuneytis: *Jafnrétti er lykilþáttur í öllu starfi þannig að allir fái að njóta sín á eigin forsendum í samfélagi gagnkvæmrar virðingar án mismununar.* [Fjórða heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna](#) kveður á um menntun fyrir alla, jafnræði til náms, mikilvægi þess að margbreytileikinn sé virtur og að rödd jaðarsettra hópa barna og unglinga heyrast.

6

Starfsumhverfið er án aðgreiningar og einkennist af hlýju, öryggi og virðingu

Frístundastarf fyrir öll börn, þar sem félagsleg aðild allra er tryggð, byggir á þeirri hugmyndafræði að við séum öll jöfn – en samt ólík. Mikilvægt er að fylgja þremur leiðarljósum:

Að skapa tækifæri til þátttöku

Að virða hverja manneskju og fagna fjölbreytileikanum

Að styðja og efla þátttöku barna með öllum ráðum og leiðum⁴³

Þátttaka er margslungin og hún felst í fleiru en bara að vera viðstaddur. Hún snýst um það að eiga hlutdeild, að tilheyra, að vera viðurkennd/ur, að búa yfir sjálfræði og sjálfsákvörðunarrétti, að vera í samskiptum við aðra, hafa rödd og fá tækifæri til að þróa sjálfsmynd sína, sjálfstraust og trú á eigin getu.⁴⁴ Hlutverk starfsfólks er að finna þær hindranir sem koma í veg fyrir þátttöku allra barna og yfirstíga þær, hugsa um fjölbreytilegar þarfir allra barna í stað þess að tala um sérþarfir einstakra barna og vinna gegn misrétti alls staðar þar sem því verður við komið. Á frístundaheimilum er mikilvægt að skilgreina stuðning sem *allar þær aðgerðir sem efla hæfni frístundaheimilisins til að mæta fjölbreytileikanum*.⁴⁵

⁴³ Dattilo, 2012. ⁴⁴ Dattilo, 2012; Snæfríður Egilsson, 2016. ⁴⁵ Booth og Ainscow, 2016.



Í Krakkadal, frístundaheimilinu í Þorpinu á Akranesi er unnið eftir því leiðarljósi að starf á vettvangi frítímans sé kjörið til þess að stuðla að aukinni þátttöku og samskiptum milli barna, unglinga og fullorðinna. Frístundamiðstöðin Þorpið hlaut [Múrbrjót Landssamtakanna Þroskahjálpar](#) árið 2018 vegna framlags síns í þágu margbreytileikans og jafnra tækifæra.

Stundum er sagt að mikilvægast af öllu sé að starfsfólk trúi því að öll börn geti tekið þátt, að öll börn tilheyri og að öll börn séu velkomin til að taka þátt í fjölbreyttu starfi frístundaheimilisins.⁴⁶ Eftirfarandi leiðarljós gætu komið að gagni:

- Börnum er gefinn kostur á því að velja viðfangsefni sín sjálf út frá eigin áhuga
- Engin verkefni sem byggja á aðgreiningu eru þróuð eða mótuð á frístundaheimilinu
- Leitað er sérstaklega eftir þeim börnum sem þurfa hvatningu til virkrar þátttöku
- Börn eru þátttakendur í sínu samfélagi frá fyrsta degi
- Hópar velja sig saman, til dæmis út frá sameiginlegu áhugamáli
- Hæfni og styrkleikar hvers og eins barns njóta viðurkenningar
- Öll börn eiga rétt á að fá viðeigandi stuðning, aðstoð og aðlögun
- Starfsfólk er fyrirmyndir barnanna að fordómalausum og valdeflandi samskiptum við aðra⁴⁷

Full aðgengi er fyrir öll börn að starfinu

Viðmið um gæði 6a

⁴⁶ Ruth Jörgensdóttir Rauterberg og Kolbrún Þ. Pálsdóttir, 2015.

⁴⁷ Dattilo, 2012; Ruth Jörgensdóttir Rauterberg og Kolbrún Þ. Pálsdóttir, 2015.

Fötlun er hluti af mannlegum margbreytileika. Starfsfólk frístundaheimila ætti að styðja hvert annað í því að tileinka sér félagslegt sjónarhorn á börn með fötlun. Það sjónarhorn byggir á því að fötlun verður til í gegnum hindranir í umhverfi og samfélagi en að samfélagið beri sameiginlega ábyrgð á að tryggja þátttöku allra.⁴⁸

Heimurinn er á frístundaheimilinu

Íslenskt samfélag hefur verið fjölmenningsamfélag um langt skeið. Fjölmenningu felur í sér allan mannlegan margbreytileika en hér verður fjallað um fjölmenningu með tilliti til tungumála og menningarlegrar margbreytni. Rannsóknir hafa dregið fram að þátttaka tví- og fjöltyngdra barna í starfi frístundaheimila efla tengslamyndun og samfélag barna. Þá sýna rannsóknir einnig að mikilvægt sé að styðja við fjöltyngd börn með því að styrkja félagslegt umhverfi þeirra, ekki síður en framfarir í formlegu námi.⁴⁹ Frístundaheimili hafa á farsælan hátt fundið leiðir til að endurspeglar margbreytileika barnahópsins, og geta nýtt sér [Leiðarvísi um stuðning við móðurmál og virkt fjöltyngi í skóla- og frístundastarfi](#) sem mennta- og menningarmálaráðuneytið gaf út árið 2020.

Í [Frístundalæsi](#) eru margar hugmyndir til að styðja við og vekja jákvæða athygli á fjölbreyttum tungumálum, til dæmis með því að vinna með orð vikunnar sem börnin á frístundaheimilinu geta valið – og hjálpast svo að við að skrifa upp orðið á öllum þeim tungumálum sem börn og starfsfólk tala. [Gefðu 10](#) er gagnleg aðferð til að styðja við íslenskufærni fjöltyngdra barna og skemmtilegt getur verið að kortleggja tungumálin sem töluð eru á frístundaheimilinu með landakorti, stafrófi eða öðrum myndrænum leiðum.



Gefðu 10 er einföld aðferð ætluð til þess að auka samræðu og samskipti við fjöltyngd börn sem eru að læra íslensku sem annað mál. [Þetta veggspjald er kjörið til útprentunar](#) og gæti verið sýnilegt í starfsmannaaðstöðu frístundaheimila.

Frístundaheimili geta nýtt sér aðferðir [leikskóla](#) og grunnskóla, t.d. með [Menningar-móti](#), þar sem skapað er hvetjandi umhverfi þar sem börn, foreldrar og starfsfólk kynnast menningu og áhugamálum hvert annars. Á Menningarmóti fá börn tækifæri til að [miðla persónulegri heimamenningu](#) sinni, áhugamálum, styrkleikum og listrænum

⁴⁸ Rannveig Traustadóttir, 2006.

⁴⁹ Kolbrún Þ. Pálsdóttir, Brynja Elisabeth Halldórsdóttir og Ester Helga Líneyjardóttir, 2014.

hæfileikum. Þátttakendur í Menningarmóti kynnast fjölbreytileikanum í barnahópnum á nýjan hátt og gera sér ljóst að fjölbreytileiki og ólík tungumál mynda menningarlegt lítróf í samfélaginu sem opnar augu allra gagnvart heiminum. Menningarmót er kjörið samstarfsverkefni milli frístundaheimila og skóla. Þá skal ekki vanmeta gildi Menningarmóta fyrir starfsfólk sem oft kynnist styrkleikum og áhugamálum hvert annars á óvæntan hátt!

”

„Meginmarkmiðið er að allir þátttakendur finni fyrir stolti, líka íslensk börn. Það gerir að verkum að virðing fyrir öðrum eykst og verður gagnkvæm. Ef barn fær tækifæri til að blómstra í sínum styrkleikum eru meiri líkur á því að barnið skapi rými fyrir aðra til að blómstra í sínum styrkleikum, það eflir þau í fjölmenningsfærni“. Kristín R. Vilhjálmsdóttir, kennari og fyrrum verkefnastjóri fjölmenningsar hjá Borgarbókasafni.

Sérhvert barn tekur þátt í dagskrá og nýtur samveru með öllum börnum

Viðmið um gæði 6b

Frístundaheimili geta verið afar mikilvæg brú milli menningarheima þegar kemur að fjölskyldum af erlendum uppruna. Frístundaheimili byggja hinsvegar á norðurvefrópskri hugmyndafræði sem getur verið framandi fyrir fólk frá öðrum svæðum heimsins og því brýnt að starfsfólk fái þjálfun í að setja sig í spor fjölbreyttra fjölskyldna til að geta mætt þeim af skilningi og næmni fyrir ólíkri menningu.

”

Starfsfólk frístundaheimila gæti tekið höndum saman og skellt sér á edX-námskeið um menningarnæmi í menntun sem íslenskir fræðimenn tóku þátt í að móta. Námskeiðin eru á ensku, öllum opin og ókeypis. Tugþúsundir um allan heim taka þátt!

Hlutverk starfsfólks er að sýna frumkvæði og teygja sig í átt til fjölskyldnanna í þeirri viðleitni að kynna fyrir þeim kosti skipulegs frístunda- og tómstundastarfs. Gott getur verið að leita til leik- og grunnskólanna í nágrenninu eftir samstarfi til að ná til

foreldra. Upplýsingar eru alltaf gulls ígildi og hægt er að feta í fótspor sveitarfélaga á borð við Reykjavík, sem hefur gefið út [bæklinga um starf frístundaheimila á níu tungumálum](#), með áherslu á að kynna gildi þeirra og markmið, sem og hagnýt atriði. Víða hafa sveitarfélög lagt sig sérstaklega fram um að kynna fyrir börnum og fjölskyldum þeirra ávinning og kosti frístundaheimilisstarfsins og [hvetja þau til þátttöku](#) með sérstökum aðgerðum.

”

Sveitarfélög hafa sum hver útbúið handbók um móttöku barna með annað móðurmál en íslensku í frístundastarf. Í [handbók frístundamiðstöðvarinnar Kamps, nú Tjarnarinnar](#) eru þrír meginþættir: **Forvinna**, eða hvað er hægt að gera til að auðvelda barni með annað móðurmál en íslensku að hefja þátttöku í frístundastarfi? **Móttaka**, eða hvað er hægt að gera til að barn og foreldrar skilji sem mest og að barninu líði vel á meðan það er í starfinu og vilji koma aftur? Þriðji þátturinn er **hugarfar** og þar er fjallað um ólík viðhorf og reynslu og mikilvægi upplýsingagjafar, þolinmæði og þrautseigju.

Farsælt þykir að starfsfólk hafi frumkvæði að samstarfi við foreldra, [sýni sveigjanleika og sé lausnamiðað](#). Frístundaheimili styðjast við ólíkar leiðir í þeim efnum: Túlkar geta verið bráðnauðsynlegir og í því samhengi skyldi áreittað að börn skulu aldrei vera sett í þá stöðu að túlka fyrir foreldra sína. [Samskiptabækur og myndræn skilaboð](#) eru farsæl leið til samskipta og ekki má gleyma fjársjóðnum sem felst í starfsfólki frístundaheimila og skóla, sem hefur annað móðurmál en íslensku. Slíkir brúarsmiðir eru ómetanlegir og geta skipt sköpum til að ólík sýn og menning verði ekki hindrun í samstarfi. Starfsfólk af erlendum uppruna getur einnig verið mikilvægar fyrirmyndir þess stóra hóps barna sem er einnig af erlendum uppruna. Fjölmenningarstefnan [Heimurinn er hér](#) lumar á mörgum holtráðum um starfshætti, virkt tvítyngi, foreldrasamstarf, móttöku, mál og læsi fyrir fjölmenningarlegt frístundastarf.

”

„Í starfi með börnum er nauðsynlegt að allt starfsfólk sé meðvitað um mikilvægi þess að hughreysta, vera til staðar og hafa trú á verðandi samfélagsþegnum. Það getur skipt sköpum í lífi barns að eiga hæk í horni sem aðstoðar það við að tengjast öðrum og samfélaginu“. Ester Helga Líneyjardóttir, fyrrum verkefnastjóri 1, 2 og Fellaskóli – þróunarverkefni um samþættingu frístunda- og skólastarfs í Fellahverfi. (Úr Heimurinn er hér).



Hann, hún, hán, hé og hín á frístundaheimilinu

Börnin á frístundaheimilinu eru jafn ólík og þau eru mörg, koma frá ólíkum heimilum og fjölskyldusamsetningar eru margar. Börnin eru hann, hún, [hán, hé, hín](#) eða [trans](#). Á upplýsingasíðunni Hinsegin frá [Ö til A](#) er hægt að kynna sér hvað kynsegin er og kynnast ólíkum persónufornöfnum. [Staðalmyndir](#) um kynin eru lífsseigar og rannsóknir hafa sýnt að börn læra og draga að sér upplýsingar á margvíslegan hátt um það hvað tilheyrir þeirra kyni og hvernig þeim ber að haga sér samkvæmt því. Þær staðalmyndir sem eru ríkjandi í samfélaginu okkar á hverjum tíma geta haft neikvæð áhrif á líðan og þroska þeirra barna sem tilheyra hópum sem fólk telur sig hafa fyrirframgefnar hugmyndir um. Strax á leikskólaaldri draga börn lærdóm úr barnaefni um staðalmyndir kynjanna.⁵⁰ Það er hlutverk starfsfólks frístundaheimila að vera meðvitað um þessa þætti, ræða saman um þá, skoða eigin viðhorf og væntingar, fá fræðslu frá félagasamtökum og kynna sér nýjustu stefnur og straua. Einnig er gagnlegt að horfa gagnrýnum augum á leikföng og efnivið til leikja á frístundaheimilinu og spyrja sig hvort þau festi kynin í ákveðnum hlutverkum. Þá er einnig mikilvægt að hvetja börnin til að velja smíðjur, klúbba og viðfangsefni með sama gagnrýna hugarfarinu.

”

Í verkfærakistu Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar er að finna [gátlista](#) fyrir starfsfólk um kynjajafnrétti þar sem fjallað er um samskipti, umhverfi, leikföng og aðbúnað.

⁵⁰ Þórdís Þórðardóttir, 2012.

Jafnrétti er lykilþáttur í öllu starfi þannig að allir fái að njóta sín á eigin forsendum í samfélagi gagnkvæmrar virðingar án mismununar

Viðmið um gæði 2b

Mörg verkfæri eru til sem starfsfólk og stjórnendur frístundaheimila geta stuðst við til innra mats í ljósi margbreytileikans í víðu samhengi. Evrópumíðstöð um nám án aðgreiningar hefur útbúið gátlista (2017) sem metur stöðu frístundaheimilisins þegar kemur að aðgreiningu. Gátlistinn heitir *Starfa ég í frístundaheimili án aðgreiningar?*⁵¹ Sjá fylgiskjal.

Ég tek ábyrgð á velferð *allra* barna í frístundinni og lít á það sem aðalatriði að þau séu virkir þátttakendur.

Ég legg mig fram um að mæta ólíkum þörfum *allra* barna í mínum hóp.

Samskipti mín við börn byggjast á virðingu og næmi.

Ég hef háar væntingar til *allra* barna í minni umsjón.

Ég styð öll börn og geri ráð fyrir þátttöku allra í þeim athöfnum sem frístundin býður upp á.

Dæmi um staðhæfingar í gátlistanum

Þýðing: Edda Óskarsdóttir, lektor við Menntavísindasvið HÍ

⁵¹ Evrópumíðstöð um nám án aðgreiningar og sérþarfir, 2017.

Skapandi læsi á frístundaheimilinu

Læsi er einn af grunnþáttum menntunar og undirstaða samskipta, sköpunar, miðlunar, þekkingarleitar, yndislestrar og náms – í víðum skilningi. Læsi er margslungið fyrirbæri sem börn tileinka sér víða, ekki bara í tilteknum kennslustundum eða námsgreinum, heldur í félagslegum samskiptum, leik, með markvissum verkefnum og samræðum, heima fyrir, á íþróttavellinum, í tónlistarskólanum – og á frístundaheimilinu. Í okkar litla málsamfélagi á íslenskan í vök að verjast og löngu ljóst að allt samfélagið þarf að hlúa vel að læsi barna. Frístundaheimili eru frábær vettvangur til eflingar máls og læsis með skapandi leiðum. Frístundaheimili geta á eigin spýtur unnið að fjölbreyttum læsisverkefnum eða tekið höndum saman um ákveðin verkefni með leik- og grunnskólakennurum í nærumhverfinu, öðrum frístundaheimilum eða teygst sig enn lengra og unnið með íþróttafélögum, listaskólum, menningarstofnunum – eða dvalarheimilum aldraðra.

Í handbókinni *Frístundalæsi*⁵² eru hugmyndir að leiðum til að vinna með sjö tegundir læsis: [félagslæsi](#), [lista- og menningarlæsi](#), [miðlalæsi](#), [samfélagslæsi](#), [náttúru og umhverfislæsi](#), [vísindalæsi](#) og [heilsulæsi](#). Í handbókinni er gnægð hugmynda um klúbba og þemadaga og ábendingar um smáforrit og kennslumyndbönd. Í *Frístundalæsi* er einnig að finna 10 einföld atriði sem efla mál og læsi á frístundaheimilum, allt frá því að koma upp lestrarhorni og hafa myndræn skilaboð og merkingar í augnhæð barna – til þess að kortleggja tungumál barna og starfsfólks frístundaheimilisins og gera 100 algengustu orðin í íslensku sýnileg á veggjum þess eða gólf.

Allt starf með mál og læsi á vettvangi frístundaheimila er mikilvægt en það er sérstaklega mikilvægt fyrir börn með annað móðurmál en íslensku. Máltaka íslensku sem annars máls er langt ferli og það skiptir sköpum í hvaða umhverfi börnin eru þegar skóladeginum lýkur. Rannsóknir hafa sýnt að börn þurfa að verja að minnsta kosti [helmingi vökutímans í íslensku málumhverfi](#) til að nýja tungumálið dafni og vaxi og nýtist þeim í leik, námi og starfi. Það er ljóst að tímanum á frístundaheimilinu þar sem vel er hugað að stuðningi við íslenskuna í málumhverfinu, er vel varið hjá börnum sem hafa annað móðurmál en íslensku.

Börnin eru hvött til að koma með eigin
hugmyndir að viðfangsefnum og þau studd
í útfærslu og framkvæmd þeirra

Viðmið um gæði 8b

⁵² Fatou N' dure Baboudóttir og Tinna Björk Helgadóttir, 2017.

Sköpun er einn af grunnþáttum menntunar og handbókin *Frístundalæsi* er glöggur vitnisburður um möguleikana til að virkja forvitni, sköpunargleði og athafnaþrá ungra barna á vettvangi frístundaheimila. Þar eru tekin dæmi um klúbba sem starfað hafa á íslenskum frístundaheimilum, á borð við leiklistarklúbba, tónlistarklúbba, söngklúbba, myndasögugerðarklúbba, goðfræðiklúbba, brúðuleikhúsklúbba, teikni-myndargerðarklúbba og rappklúbba. Best fer auðvitað á því þegar klúbbarnir byggja á áhuga barna og starfsfólks, þá takast þeir virkilega á flug!

”

Glaðheimapopp er verkefni frístundaheimilisins Glaðheima í Reykjavík. Þar semja börn eigin lög og texta sem þau svo syngja, hljóðrita og miðla í gegnum Spotify. Glaðheimapopp leggur áherslu á veruleika barnanna sjálfra og er unnið með aðferðum barnalýðræðis.

Víða hafa frístundaheimili aðgang að list- og verkgreinastofum grunnskóla á starfstíma frístundaheimilisins sem er mjög mikilvægt til að efla lista- og menningarlæsi og skapandi starf á frístundaheimilum. Frístundaheimili hafa einnig unnið með listaskólum í heimabyggð, ýmist með afnot af húsnæði og búnaði í huga eða í gegnum fjölbreytt samstarfsverkefni. Í *Frístundalæsi* má sækja hugmyndir að leiðum til að lyfta þætti sköpunar upp á frístundaheimilinu, t.a.m. með heimsóknum á listasöfn og þátttöku í listviðburðum, velja og vinna með *listamann mánaðarins*, kynnast útilistaverkum í nærumhverfinu og vinna verkefni sem töfra fram litbrigði tungumálsins í allri sinni dýrð.

Vinna má að mörgum öðrum verkefnum með læsi að leiðarljósi – og læsi er kjörið samstarfsverkefni frístundaheimila, leikskóla og grunnskóla. Á vef *Míðju máls* og læsis má finna fræðsluefni og gagnlegt efni fyrir starfsfólk í frístunda- og skólastarfi, meðal annars 17 ástæður fyrir barnabókum, félagsfærniverkefni frístundaheimilisins Eldflaugarinnar sem heitir Má ég vera með sem byggir m.a. á því að hlusta á aðra og skiptast á í samræðum og leikjavefinn PAXEL123 sem er ætlaður börnum sem eru að vinna með orð og hugtök tengd móðurmáli og stærðfræði.

Ekki má gleyma þeim ótal mörgu tækifærum sem felast í daglegu starfi frístundaheimilisins til að spjalla við börnin um daginn og veginn en einnig á markvissari hátt um ákveðin mál. Síðdegishressing er til dæmis frábært tækifæri til þess, þar er hægt

að spjalla um mat, matarsiði – og menningu, hollustu, smekk, bragð og lykt. Víða nýtir starfsfólk frístundaheimila síðdegishressinguna á markvissan og skapandi hátt, til að styrkja tengslin við börnin, efla samkennd á frístundaheimilinu, spyrja börnin út í eitt og annað, forvitnast um þeirra hagi, gefa þeim tækifæri til að láta ljós sitt skína og ræða um atburði líðandi stundar. Ekki síst er hægt að ræða matarsóun og vinna þannig að heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun! Lykilatriði er að láta ekkert tækifæri sér úr greipum ganga til að tala við og hlusta á börn og gefa þeim færi á að tjá sig.

Útivera og umhverfismál í starfi frístundaheimila

Frjáls leikur utandyra er skemmtileg, spennandi og heilsusamleg iðja sem eflir félagsfærni, seiglu, hugrekki og hreysti barna. Almennt finnst börnum mjög gaman að vera úti og mörgum börnum finnst meira að segja mjög gaman að leika úti í „vundu“ veðri. Þrjú atriði skipta máli til að auka útiveru barna: tækifæri til útiveru og útivistar, jákvæðar fyrirmyndir og hvatning. Allt eru þetta þættir sem starfsfólk frístundaheimila getur haft áhrif á. Í nútímasamfélagi glímum við hins vegar við þá áskorun að kynslóðirnar sem vaxa nú úr grasi eru hluti af stafrænum, rafrænum og snjöllum veruleika með fjölbreyttum viðfangsefnum – sem nær öll fara fram innandyra.⁵³

Börnin eru hvött til að vera forvitin og takast á við fjölbreytt og krefjandi verkefni, þar sem náttúra og nærumhverfi eru nýtt sem vettvangur leiks og starfs

Viðmið um gæði 7a

⁵³ Garst, 2018.

Erlendar rannsóknir sýna okkur að börn leika sér minna úti en áður og umfang þess svæðis sem þau þekkja hefur minnkað mikið.⁵⁴ Leiða má líkum að því að svipuð þróun hafi átt sér stað á Íslandi, rannsóknir hafa sýnt að íslensk börn og unglingar séu að meðaltali um tvær klukkustundir utandyrá á dag en fimmtungur barna er minna en 30 mínútur utandyrá á degi hverjum.⁵⁵ Sá tími sem börn verja í leik utandyrá á starfstíma frístundaheimila er því mjög dýrmætur. Það er áhyggjuefni að börn sem eru lítið utandyrá við leik velja sér gjarnan tómstundir sem fela ekki í sér útiveru.⁵⁶ Hlutverk starfsfólks á frístundaheimilum er því stórt því með fjölbreyttu starfi utandyrá getur það haft mjög jákvæð áhrif á þroska barna. Nú á tímum glíma allar þjóðir við stórar áskoranir í loftlags- og umhverfismálum. Börn um allan heim stíga fram og krefjast aðgerða. Mikilvægt er að starfsfólk finni leiðir til að ræða þessi flóknu mál við börnin með það í huga að efla vitund þeirra um sitt nánasta umhverfi og gefa þeim kost á að ræða sínar áhyggjur. Útivera og upplifun barna af náttúrunni mótar lífsviðhorf til umhverfisins, eflir áhuga og ábyrga neysluhætti. [Náttúru og umhverfislæsi](#) úr handbókinni *Frístundalæsi* er gott verkfæri, sem og námsefnið [Lífbreytileiki og loftslagsbreytingar](#) fyrir 5–9 ára gömul börn þar sem plöntu- og paprikuræktun koma við sögu. Hægt er að horfa á [myndband](#) um loftslagsbreytingar, sem ætlað er yngri börnum með Ævari Þór Benediktssyni sem sögumanni.

Nærumhverfi frístundaheimilis er nýtt til þess að mæta áhuga, forvitni og áskorunum barna

Viðmið um gæði 16c

Mikilvægt er að kortleggja nánasta umhverfi frístundaheimila og þau tækifæri sem gefast til styttri og lengri ferða um nágrennið, gangandi og hjólandi. Tilvalið er að heimsækja útivistarsvæði en þar leynast fjölmörg tækifæri til ævintýra og til að upplifa fjölbreytta náttúru, í dreifbýli sem og [þéttbýli](#).⁵⁷

Ýmsar leiðir eru færar til að hvetja til útiveru barna. Stærri sveitarfélög eða hverfi geta tekið höndum saman um [starfskraft sem fer á milli starfsstaða](#) og styður við útiveru barna. Samstarf við samtök og stofnanir í nærumhverfinu er kjörin leið, t.d. við björgunarsveitir. Einnig búa samtök skáta á hverjum stað að áratuga reynslu af útivist og útiveru og [dagskrárvefur þeirra](#) lumar á mörgum góðum hugmyndum.

⁵⁴ Sahlberg og Doyle, 2019. ⁵⁵ Jakob Frímann Þorsteinsson, úr óbirtri grein. ⁵⁶ Garst, 2018.

⁵⁷ Ævar Aðalsteinsson og Jakob Frímann Þorsteinsson, 2015.



Frístundamiðstöðin Gufunesbær í Reykjavík er [Miðstöð útivistar og útináms](#) og á síðunni þeirra er fjöldi verkefna sem tengjast útinámi. Skátarnir eru hugmyndaríkir þegar kemur að útivist og hreyfingu og opnuðu verkefnabankann [#stuðkví](#) á Covid-19 tímabilinu. [Verkfærakista Landverndar](#) er öllum opin en þar má finna verkefni sem tengjast Grænfanaverkefninu. Á vefsíðu [bakhjarla skóla- og frístundastarfs](#) er að finna mikið af hagnýtum tenglum sem tengjast náttúrufræði, útivist og leikjum utandýra.

Áhugi, jákvætt viðhorf og hvatning starfsfólks hefur líklega mest áhrif á útiveru barna á frístundaheimilum. Nánasta umhverfi frístundaheimila er einnig lykilþáttur, mikilvægt er að þar sé að finna gróður, náttúruleg leiksvæði, leiktæki, velli og opinn efnivið.

Nærumhverfi frístundaheimilis er nýtt til þess að mæta áhuga, forvitni og áskorunum barna

[Viðmið um gæði 16c](#)

Heilsueflandi frístundaheimili

Hlutverk allra stofnana í menntakerfinu er að stuðla að heilsu barna, líkamlegri sem og andlegri. Frístundaheimili eru kjörinn vettvangur til að efla heilsu og hreysti barna og í þemahefti þessu hefur verið fjallað um ýmsa verndandi þætti sem tengjast sjálfsmynd og félagsfærni, útiveru og hreyfingu, virkni og þátttöku, margbreytileika og víðsýni. Allt eru þetta áhrifaþættir heilbrigðis og frístundaheimili geta sett sér stefnu um markvisst heilsueflandi starf. Í þeim efnum er hægt að styðjast við [leiðbeiningar og gátlista](#) og [aðgerðaáætlun](#) um heilsueflandi frístundaheimili, sem er að finna í [verkfærakistu Reykjavíkurborgar](#) í tengslum við innleiðingu mennta-stefnunnar *Látum draumana rætast*.

Samstarf frístundaheimila við nærsamfélagið

Frístundaheimili eru þýðingarmikil tenging við nærsamfélagið á hverjum stað: foreldra og fjölskyldur, íþróttafélög, lista- og menningarstofnanir og aðrar stofnanir sem bjóða upp á nám og uppbyggilegt æskulýðs- og frístundastarf. Samstarf frístundaheimila við nærumhverfið getur bæði falist í því að starfsfólk og börn heimsækja söfn, fara í fjöruferð og svo framvegis eða að góðir gestir sækja frístundaheimilið heim og glæða starfið lífi. Frístundaheimili eru ómissandi keðja í gangverki menntakerfisins en þau eru líka mikilvæg brú milli skólastiga. Rannsóknir hafa sýnt að frístundaheimili geta verið mikilvægur vettvangur fyrir farsæla skólabyrjun.⁵⁸ Oftsinnis taka tómstunda- og félagsmálafræðingar og starfsfólk frístundaheimila að sér það hlutverk að þvera landamærin og vera málamiðlarar (e. broker) í samskiptum við aðrar stofnanir. Það er mikilvægt hlutverk því málamiðlarar flytja upplýsingar á milli, samhæfa aðgerðir og mynda tengsl, börnum og fjölskyldum þeirra til heilla.⁵⁹

Mikilvægt er að þróa leiðir til að upplýsingar geti borist farsællega á milli leikskóla og frístundaheimila, sem og frístundaheimilis og grunnskóla. Það skapar traust hjá foreldrum og börnum að verða þess áskynja að þétt sé haldið utan um dag barnsins og að ólíkar fagstéttir standi í sameiningu vörð um hagsmuni þess.

13

Skilvirk upplýsinga- og samskiptatækni styður við starfsemina á fjölbreyttan hátt

Samstarf við foreldra og fjölskyldur

Frístundaheimili eru órjúfanlegur hluti dagsins fyrir yfirgnæfandi meirihluta íslenskra barna á fyrstu árum grunnskólagöngunnar. Tengsl foreldra við frístundaheimili eru gjarnan sterk, enda eru mörg barna sótt af foreldrum sínum í lok dags. Foreldrar fá þar dýrmætt tækifæri til að spjalla við starfsfólk, hitta vini barnanna og fylgjast með barni sínu í leik og námi í nýju umhverfi. Sum sveitarfélög hafa þróað [viðhorfs-kannanir](#) sem lagðar eru fyrir foreldrahópin. Niðurstöðurnar eru mikilvæg vísibending um það sem betur má fara og hverjir eru styrkleikar frístundastarfsins og gagnlegt er að nota slíkar kannanir til umbóta, sjálfsmats og innra mats af ýmsu tagi.

⁵⁸ Kolbrún Þ. Pálsdóttir og Valgerður Freyja Ágústsdóttir, 2011. ⁵⁹ Akkerman og Bakker, 2011.

”

Frístundaheimilið Klapparholt og frístundaheimilin sem heyra undir frístunda-
miðstöðina Tjörnina í Reykjavík senda bækling heim til verðandi 1. bekkinga sem lýsir
starfi frístundaheimilisins þeirra. Mörg frístundaheimila hafa heitt á könnunni og
bjóða foreldrum í samtal á skipulagsdögum skóla þegar foreldra- eða samráðsviðtöl
standa yfir og á sumum frístundaheimilum er boðið upp á foreldraviðtöl.

Lykilatriði í samskiptum frístundaheimila og heimila er að starfsfólk líti á það sem
hlutverk sitt að teygja sig í átt til foreldra og forráðamanna barnanna eftir fjölbreytt-
um leiðum. Til eru nokkur sígild holráð til að byggja upp gott samstarf við foreldra,
sem henta einkar vel í starfi frístundaheimila. Holráðin eru sótt í smiðju Davies
(1997), Senge (2000), Nönnu Kristínar Christiansen (2010) og Kristínar Jónsdóttur
(2018).⁶⁰

⁶⁰ Davies, 1997; Senge, 2000; Nanna Kristín Christiansen, 2010 og Kristín Jónsdóttir, 2018.



Skoðum tjáskiptin

Foreldrar eru ekki einsleitur hópur og það sama hentar ekki öllum. Farsælt er að spyrja foreldrahópinn í upphafi frístundaheimilisdvalarinnar hvernig þeir vilji hafa samráð og samskipti um börnin. Margt kemur til greina: Fésbókarhópur eða annar umræðuvettvangur á samfélagsmiðlum, tölvupóstur, sms, miðar heim í töskum barnanna eða samskipti augliti til auglitis. Sérstaklega er mikilvægt að kalla fram viðhorf þeirra foreldra sem eru ekki virkir og þeirra sem ekki hafa íslensku að móðurmáli. [Samkomulag um samskipti](#) getur verið gagnlegt í sumum tilvikum.

Foreldrar eru ánægðir með samskiptin við starfsfólk

[Viðmið um gæði 5c](#)

Látum allt okkar fas segja: *Verið velkomin!*

Frístundaheimili ættu að vera einmitt það, heimilisleg. Vínalegt viðmót, bros og hlýlegar móttökur þegar foreldra og fjölskyldumeðlimi ber að garði er mjög mikilvægt. En það er hægt að ganga lengra en það. Frístundaheimili geta skapað eða skilgreint rými á starfsstaðnum sem fjölskyldusvæði, eða þróað leiðir til að foreldrar og börn geti komið saman og unnið að verkefnum. Að byggja upp fjölbreytt, hvetjandi og skapandi útisvæði við frístundaheimili er einnig mikið aðdráttarafl fyrir fjölskyldur sem geta komið og leikið sér í frítíma sínum. Mörg frístundaheimili hafa *opin hús* þar sem börnin geta sýnt fjölskyldumeðlimum frístundaheimilið, uppáhaldsviðfangsefni sín eða sýnishorn af verkefnum sem þau hafa unnið að. Ef mögulegt er að bjóða húsnæði frístundaheimilisins til afnota fyrir fjölskyldur, t.d. til að halda spilakvöld, barnaafmæli eða aðrar samverustundir barna og fjölskyldna þá er það fyrirtaksleið til að teygja sig í átt til fjölskyldna og byggja upp dýrmætt traust.

Upplýsinga- og samskiptatækni er nýtt til samstarfs við foreldra og ýmsa samstarfsaðila

[Viðmið um gæði 13c](#)

Notum óhefðbundnar aðferðir

Aðstæður fjölskyldna eru ólíkar þegar börn ganga yfir stóru brúna frá leikskóla yfir í grunnskóla. Sum börn eru full eftirvæntingar á meðan önnur kvíða umskiptunum. Sumir foreldrar eiga slæmar minningar frá sinni skólagöngu og kvíða skólabyrjun fyrir hönd barna sinna. Frístundaheimili og grunnskólar geta tekið höndum saman og boðið upp á heimsóknir til fjölskyldna, áður en skólahald hefst að hausti. Mörg sveitarfélög skipuleggja heimsóknir leikskólabarna á frístundaheimili á lokaári leikskólans, sem er til fyrirmyndar. Forstöðumenn frístundaheimila ættu að hafa í huga að leggja ríka áherslu á að kynning á frístundaheimili barnanna sé fastur liður í tengslum við skólasetningu sem og að fulltrúi frístundaheimilisins sé viðstaddur þegar tekið er á móti börnum sem eru nýflutt til landsins.

”

Á Seltjarnarnesi gegna frístundaheimilin afar mikilvægu hlutverki brúar milli leik- og grunnskólans. Börnin útskrifast úr leikskóla bæjarins fyrir sumarfrí og fara svo í Sumarskólann að því loknu. Sumarskólinn er starfræktur í frístundaheimilinu Skjólínu í húsnæði Mýrarhúsaskóla og þar kynnast börnin skólahúsnæðinu og nánasta umhverfi skólans í gegnum leik og vettvangsferðir. Þegar þau hefja skólagönguna í 1. bekk hafa þau kynnst mörgum úr starfsliðinu, húsnæðinu, skólalóðinni og síðast en ekki síst: Starfsfólki, menningu og starfsháttum frístundaheimilisins.

Horfum á stóru myndina

Frístundaheimili þrífast ekki í tómarúmi, þau eru hluti af stærra samhengi: sveitarfélagi, bæ, grennd eða hverfi. Í hverju samfélagi eru sérstakar þarfir, fjölskyldugerðir, efnahagsástand, margbreytileiki, lífshættir, menning, siðir og hefðir. Holtt er fyrir starfsfólk frístundaheimila að spyrja sig: Hvernig getum við komið betur til móts við börn og fjölskyldur í okkar samfélagi? Hverjar eru þarfirnar? Frístundaheimili getur í samvinnu við leik- og grunnskóla, sem og aðrar stofnanir í nærumhverfi sínu leitt saman ólíka hópa, þvert á kynslóðir í margvíslegum tilgangi. Engin takmörk eru sett í þeim efnum!

Forstöðumaður virkjar starfsfólk, börn og aðra
hagsmunaaðila við mótun þjónustunnar

Viðmið um gæði 10c

Verum brúarsmiðir

Rétt eins og skólar, þá gegna frístundaheimili mikilvægu hlutverki gagnvart fjölskyldum sem eru í viðkvæmri stöðu, t.d. af völdum veikinda, fátæktar eða áfalla. Starfsfólk getur aðstoðað fjölskyldur sem eru nýkomnar til landsins við að nálgast upplýsingar um þjónustu sveitarfélaga, viðburði, samgöngur, menningu og afþreyingu. Fjölskyldur geta þurft stuðning við að komast í tengsl við íþróttafélag hverfisins eða bæjarins eða aðra þá sem bjóða upp á uppbyggilegar frístundir fyrir börn. Hér má kynna sér fleiri [hugmyndir að leiðum til að bjóða nýjar fjölskyldur velkomnar](#).

Samstarf við íþróttafélög, lista- og menningarstofnanir og annað æskulýðsstarf

Í mörgum sveitarfélögum gegna frístundaheimili því hlutverki að vera brú í annað tómtunda- og æskulýðsstarf. Börn eiga heimahöfn á frístundaheimilinu en fara þaðan á íþróttæfingar, í tónlistarstarf, skátastarf eða annað það sem hugur þeirra stendur til. Þetta hlutverk frístundaheimila er mikilvægt og þakklátt fyrir fjölskyldur ungra barna sem ella hefðu áhyggjur af börnum sínum í eftirmiðdaginn, eða stæðu í skutli sem er bæði óumhverfissvænt og slítandi. Þetta gerir einnig að verkum að vinnudagur barna verður samfelldari og þegar best tekst til, er honum lokið á skikkanlegum tíma svo að barnið geti leikið sér frjálst við vini og/eða systkini, slakað á, sinnt heimanámi og verið samvistum við fjölskyldu.

Þetta hlutverk frístundaheimila er jafnframt vandmeðfarið. Í sumum sveitarfélögum upplifir starfsfólk frístundaheimila að það sinni flugumferðarstjórn, þar sem dagskráin gengur meira og minna út á tímastjórn og að senda börn hingað og þangað um hverfi og bæi í ólíkar tómtundir. Það gefur augaleið að faglegt starf frístundaheimilanna getur liðið fyrir það. Eins má velta upp þeim sjónarmiðum hvort dagskrá yngstu grunnskólabarnanna sé oft á tíðum full stíf. Bent hefur verið á að samfélög hafa tilhneigingu til að ofskipuleggja dag barna, sem þá fá ekki nauðsynlegt svigrúm til að leika sér frjálst, kanna umhverfi sitt og öðlast seiglu og þrautseigju upp á eigin spýtur.⁶¹

⁶¹ Guldberg, 2009.

Hér verður starfsfólk að stíga ákveðinn línudans. Það togast á tvenn sjónarmið. Annars vegar að starfsfólk frístundaheimila sé talsmenn barna og að hinn frjálsi leikur með vinum og jafningjum sé gulls ígildi fyrir þroska þeirra og vellíðan. Hins vegar það sjónarmið að nútímafjölskyldan þarf á þeim stuðningi að halda sem felst í samfelldum skóladegi þar sem frístundaheimilin gegna lykilhlutverki í utanumhaldi og stuðningi við fjölbreyttar tómstundir barna. Í hverju samfélagi, bæ eða hverfi ætti starfsfólk frístundaheimila að stíga fram og vera leiðandi í þessari umræðu við foreldra og samstarfsaðila sína í frístundageiranum á hverjum stað – ávallt með velferð, hagsmuni, þroska og aldur barnanna í huga. Sérstaklega þarf að huga að því að þau börn sem *ekki* sækja annað tómstundastarf líði ekki fyrir hreyfanleika hinna barnanna, það er mikilvægt að þau fái notið allra þeirra náms- og þroskatækifæra sem þeim bjóðast á frístundaheimilinu.



Sambætting frístunda- og skólastarfs og samstarf ólíkra fagstétta



„Sveitarfélög fara með faglegt forræði frístundaheimila, ákveða skipulag starfsemi þeirra og rekstrarform með **sambættingu skóla- og frístundastarfs** og þarfir barna að leiðarljósi.“ Úr grunnskóla­lögum sem samþykkt voru árið 2016.

Algengasta form á skipulagi frístundaheimilisstarfs er að þau starfi að loknum skóladegi barna í 1.–4. bekk, í tengslum við stórhátíðafri og á starfs- og skipulagsdögum skóla. Hin síðari ár hafa sveitarfélög þróað ýmis önnur form á skipulagi skóladags yngstu barnanna með því að sambætta frístunda- og skólastarf. Þá leikur frístundastarfið stærra hlutverk í skóladeginum sjálfum og ólíkar fagstéttir vinna saman að því að skapa heildstæðan dag þar sem nám, leikur, félagsfærni og samvinna fléttast saman. Meirihluti sveitarfélaga hefur í könnunum svarað því til að þau sambætti frístunda- og skólastarf með einhverjum hætti en það er mjög ólíkur skilningur á því í hverju sambættingin felst í raun og veru.⁶² Stundum er vísað til þess að kapp sé lagt á að koma öllum frístundum barna fyrir að loknum skóladegi og áður en degi barna lýkur, í góðu samstarfi allra aðila. Aðrir fjalla um sambættingu á þann veg að tómstunda- og félagsmálafræðingar, kennarar og aðrar fagstéttir starfi þétt saman á skólatíma, vinni saman að áætlanagerð og flétti saman hálfformlegt og formlegt nám jafnt og þétt yfir daginn.



Í Snælandsskóla í Kópavogi var innleitt þróunarverkefnið *Gæðastund* fyrir 1. og 2. bekk. Skóladagur barnanna var brotinn upp tvisvar í viku og það þykir hafa sýnt fram á fjölda óformlegra og hálfformlegra námstækifæra, gefið börnum vald til að skapa eigin námsferla, styrkt samband barna og frístundaleiðbeinenda og dýpkað samstarf kennara og frístundaleiðbeinenda (sjá M.Ed. ritgerð Ulrike Schubert frá 2017).⁶³ Lundarskóli á Akureyri er í samstarfi við nemendur á íþróttabraut í Verkmenntaskólanum á Akureyri en nemendur VMA sinna vettvangsnámi á frístundaheimilinu, standa fyrir leikjum og þjálfun fyrir krakkana. Unglingar í Lundarskóla geta einnig valið starfsnám á frístundaheimilinu.

Gagnlegt getur verið að skoða fjórar víddir samstarfs, eins og Davis hefur fjallað um þær:⁶⁴

⁶² Kolbrún Þ. Pálsdóttir, 2014b. ⁶³ Ulrike Schubert, 2017. ⁶⁴ Davis, 2011.

Samráð (co-operation) er betra upplýsingaflæði milli stofnana og samskiptin geta verið formleg eða óformleg

Samstarf (collaboration) er það þegar fólk ræðir saman um skipulag og áætlanir og á hagnýtum nótum

Samvinna (co-ordination) er það þegar fólk vinnur saman að skipulagsþáttum en mótar líka sameiginleg gildi

Sambætting (merger/integration) er samruni ákveðinnar starfsemi eða stofnana og tvær eða fleiri fagstéttir vinna saman að sameiginlegum markmiðum og gildum

5

Virkt samstarf er við foreldra, skóla, íþrótt- og æskulýðsfélög og aðra í grenndarsamfélaginu

Ef sveitarfélög styddust við skilgreiningar Davis væri ljóst að sambætting er ekki til staðar milli frístunda- og skólastarfs nema á mjög fáum stöðum. Hins vegar eiga frístundaheimili og skólar í töluverðri *samvinnu* og *samstarfi* – og vonandi eru sem allra flestir í einhvers konar *samráði*!

Danskar og sænskar rannsóknir hafa leitt í ljós að það fylgja því bæði kostir og gallar að sambætta frístunda- og skólastarf yngstu barnanna. Kostirnir eru þeir að þjónusta við börn og fjölskyldur verður markvissari, sérstaklega á það við þegar börn standa að einhverju leyti höllum fæti. Starfsfólki tekst betur upp með vinnu gegn einelti og stríðni og meiri þekking skapast hjá starfsfólki í frístunda- og skólastarfi á félagslegu umhverfi barnanna og samskiptum milli þeirra.⁶⁵ Almennt séð er mikill ávinningur fólgin í því að fagfólk með ólíka menntun og sjónarhorn vinni saman að velferð og þroska barna.⁶⁶ Þá gefur augaleið að nýting húsnæðis og mannauðs er mun betri í sambættu frístunda- og skólastarfi. Gallarnir við sambættingu eru ákveðin tilhneiging til þess að spenna myndist milli tveggja póla í námi barna, hins formlega náms og hins hálfformlega náms.⁶⁷ Rannsóknir hafa sýnt að hin „skólamiðaða“ hugsun um formlegt nám hafi vinninginn og að hugmyndafræði frístundastarfsins verði hornreka.⁶⁸

⁶⁵ Höjholt, 2008. ⁶⁶ Edwards, 2011. ⁶⁷ Ackesjö, 2017; Moloney og Pope, 2019.

⁶⁸ Haglund, 2004; Kolbrún Þ. Pálsdóttir, 2012 og 2014b; Stanek, 2012.



Víða um land þróa sveitarfélög samþætt frístunda- og skólastarf. Í grunnskólanum á Ísafirði gefst börnum í 1.–4. bekk tækifæri til að velja íþróttir, tónlist og margvíslegt klúbbastarf og viðfangsefni á hefðbundnum skólatíma. Í Fellaskóla í Reykjavík taka frístundafræðingar þátt í starfi með börnum í 1. og 2. bekk á hefðbundnum skólatíma en sjá jafnframt um frístundastarf að skóladegi loknum. Í Hrafnagilsskóla í Eyjafjarðarsveit er *Tómstundahringekja* og forskóli í tónlist fyrir börn í 1.–4. bekk, fjölskyldum að kostnaðarlausu. Hringekjan og forskólinn eru samþætt skóladeginum. Á Hólmavík er börnum í 1.–5. bekk boðið upp á gjaldfrjálst frístundastarf og skóladagur þeirra er samþættur frístunda- og íþróttastarfi. Markmiðin eru margvísleg: Félagsfærni, efling máls og læsis, fjölbreytileiki, hreyfing og innihaldsríkur dagur barna!

Algengt er í nýjustu skólum landsins að samþætting sé höfð að leiðarljósi frá upphafi skólahalds. Handhafi Íslensku menntaverðlaunanna árið 2020, Dalskóli í Úlfarsárdal, hefur þann háttinn á að skóladagur yngstu barnanna er brotinn upp fimm sinnum í viku með frístundastarfi og elstu leikskólabörnin taka þátt í starfi frístundaheimilisins vikulega sinn síðasta vetur í leikskólanum. Á heimasíðu Dalskóla eru tilgreind markmið með samþættingunni:

- **Frístundastarfsmenn taka þátt í mótun starfsmenningar skólans og starfshátta hans**
- **Frístundastarfsmenn starfa allan daginn og sinna fleiri störfum en frístundastarfi og fá þ.a.l. fleiri sjónarhorn á styrkleika barnanna**
- **Almennir kennarar og frístundastarfsmenn fá með formlegum hætti tækifæri til samvinnu**
- **Frístundastarfið er hluti af skólastarfinu og rými og gögn tilheyra jafnt öllum starfsþáttum skólans**
- **Að brjóta upp hið hefðbundna skólastarf og veita börnunum góða „loftun“ á miðjum skóladegi**

Heimasíða Dalskóla

Ekkert okkar er eyland og fólk sem starfar á hinum spennandi vettvangi frístunda- og skólastarfs mun ávallt þurfa að eiga í töluvert miklu samstarfi við ólíkar fagstéttir. Samstarf á landamærum fagstétta getur verið flókið og krefjandi. En að sama skapi getur samstarfið eft skilning, fjölgað bjargráðum og bætt ferla og viðbrögð við flóknum áskorunum.⁶⁹ Ávinningur samstarfsins getur verið geysilega mikill því sjónarhornunum á börn, líðan þeirra og vöxt, fjölgar til muna. Davis tíundar helstu rök fyrir samstarfi ólíkra fagstétta og telur að þannig geti starfsfólk betur:⁷⁰

- **Heyrt ólík sjónarmið barna og foreldra þegar þjónusta er skipulögð**
- **Beitt snemmtækri íhlutun og forvörnum**
- **Hlúð að velferð og heilbrigði og verndað gegn ofbeldi og misbeitingu**
- **Ávarpað togstreitu, fjölbreytileika og samfélag án aðgreiningar**
- **Tryggt samfellu í þjónustu frá æsku til fullorðinsára**
- **Bætt upplýsingaflæði og samskipti milli fagfólks, fjölskyldna og barna**
- **Stuðlað að námi í víðum skilningi**
- **Nýtt betur fjármagn, matstæki, búnað og húsnæði**

Möguleikar til samþættingar og meiri samvinnu milli starfsfólks og stofnanna sem koma að skóla- og frístundastarfi eru margir og mörg sveitarfélög þróa frístunda- og skólastarf í þeim anda. Hvernig sem skipulagi skóladags barna er háttað er mikilvægt að muna að farsælt samstarf ólíkra fagstétta er og verður ávallt til hagsbóta fyrir nám og velferð barna, fyrir nærsamfélagið og þróun þjónustunnar og fyrir fagfólkið sjálft. Á landamærum fagstétta verður til dýrmæt sameiginleg þekking sem gerir okkur kleift að leysa flókin vandamál mun fljótar en ella, öðlast innsýn í markmið og starfsaðferðir annarra og skilja betur gildi okkar eigin fagþekkingar.⁷¹

„Þverfagleg samvinna er rauður þráður frístundastarfs.“⁷²

⁶⁹ Edwards, 2011. ⁷⁰ Davis, 2011. ⁷¹ Edwards, 2011. ⁷² Schüpbach og von Allmen, 2013.

Húsnæði og umgjörð frístundaheimila

14

Starfsemin er skipulögð, opnunartími og dagskipulag eru sýnileg og kynnt börnum, foreldrum og helstu samstarfsaðilum

15

Húsnæði og útileiksvæði eru örugg og taka mið af forsendum frístundastarfs, jöfnum tækifærum og ólíkum þörfum allra barna

Frístundaheimili eru nýliðarnir í menntakerfinu og saga þeirra er stutt samanborið við sögu leik- og grunnskóla. Það er því afar fátítt að húsnæði þeirra hafi verið sérstaklega byggt fyrir þau, algengara er að þeim sé komið fyrir í nærliggjandi húsnæði við skóla, í rými innan skólans sem er ekki nýtt til kennslu, í rými sem er samnýtt með kennurum, í matsal, risi, á mörgum ólíkum stöðum innan sama skólans – og svona mætti lengi telja! Eitt helsta úrlausnarefni frístundaheimila um allt land eru húsnæðismál og ljóst að verulega þarf að bæta húsnæðiskost og umgjörð frístundaheimila svo að fagstarfið geti vaxið við sem bestar aðstæður.

16

Úrval af efniviði og búnaði er til staðar sem höfðar til mismunandi áhugasviðs barna og mætir þörfum þeirra óháð aldri og þroska

Flest frístundaheimili starfa allt árið um kring: að loknum formlegum skóladegi, allan daginn í jóla- og páskafríum og á starfs- og skipulagsdögum skóla. Yfir sumartímann bjóða mörg sveitarfélög upp á styttri námskeið í frístundaheimilum. Samnýting húsnæðis með grunnskólum er því víða algeng en þó er mikilvægt að tryggja hverju frístundaheimili tiltekið hjartarými eða kjarna sem tekur mið af þörfum, menningu og sérkennum frístundaheimilisins. Sérstaklega má huga að því að vel búnar list- og verkgreinastofur séu aðgengilegar fyrir starf frístundaheimila, sem og íþrótt- og samkomusalir. Fjölbreytt viðfangsefni frístundaheimila og áherslur þeirra á skapandi starf, ólík áhugamál barna og frjálst val krefst þess að samnýting um sérhæfðar stofur, samkomusali fyrir viðburði og íþróttasali fyrir hreyfingu geti nýst við þróun og uppbyggingu fagstarfsins.

Víða í heiminum einkennist hópur starfsmanna á vettvangi frístundastarfs af því að þeir eru ungir að árum og staldra ekki lengi við í starfi. Það er því áskorun fyrir forstöðumenn að tryggja hæfni og þekkingu starfsfólksins og brýnt er að sveitarfélög sjái því fyrir nauðsynlegri þjálfun og viðeigandi fræðslu svo það geti vaxið og eflst í starfi.

Forstöðumönnum farnast best við þessar áskoranir ef þeir eiga gott bakland hjá yfirstjórn sveitarfélagsins og ef þeir tilheyra lærdómssamfélagi stjórnenda og annars fagfólks í nærumhverfi frístundaheimilisins sem þeir stýra. Lykilatriði er að fjölga menntuðum tómstunda- og félagsmálafræðingum sem skipta sköpum fyrir þróun fagstarfs og innleiðingu gæðaviðmiða um framúrskarandi starf frístundaheimila.



Sveitarfélög og þróunarstarf á frístundaheimilum

Síðastliðinn áratug hefur verið stígandi í fagstarfi frístundaheimila. Þau hafa sótt í sig veðrið sem umsækjendur þróunarstyrkja, þau takast á við krefjandi innleiðingu metnaðarfullra stefna og verkefna, ýmist ein eða í samstarfi við aðrar stofnanir. Þær stofnanir eru oftast nærliggjandi leik- og grunnskólar, önnur frístundaheimili og félagsmiðstöðvar en einnig íþróttafélög og aðrar mennta- og menningarstofnanir sem koma að óformlegri og hálfformlegri menntun barna á þessum aldri.

14

Starfsemin er skipulögð, opnunartími og dagskipulag eru sýnileg og kynnt börnum, foreldrum og helstu samstarfsaðilum

Sveitarfélög bera ábyrgð á fagþróun starfsins, með því að móta metnaðarfulla stefnu, veita viðeigandi fræðslu til nýliða, hvetja til og skapa aðstæður til starfsþróunar. Sveitarfélagi ber einnig að stuðla að þróun og nýbreytni í samstarfi við hagsmunaaðila: börnin, foreldra, starfsfólk og grenndarsamfélagið. Þá ber sveitarfélögum einnig að standa fyrir mati á starfsemi frístundaheimila.

”

Árlega er úthlutað styrkjum til skóla- og frístundastofnana í Reykjavík. Styrkt verkefni skólaárin 2019–2021 sem tengjast starfi frístundaheimila voru m.a. siðfræðikennsla, barnajóga, rafrænn leikjabanki, blaðaútgáfa og hlaðvarp, útivist og útinám, gildi brandara og húmors í félagslegum þroska barna, ævintýraspil, vísindasel, aðstaða til að bæta sjálfsprottinn lestur og margvísleg verkefni sem miða að sjálfseflingu, félagsfærni og vellíðan barna eftir ólíkum leiðum. Gróskan er mikil og tækifærin óendanlega mörg!

9

Sveitarfélag mótar stefnu um frístundaheimili og stuðlar að fagþróun starfsins

Á hverju frístundaheimili er jarðvegur fyrir þróunarstarf og grunnildi metnaðarfulls þróunarstarfs eiga jafn vel við frístundaheimili eins og leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla; má hér til að mynda nefna hvernig innleiða skal og festa í sessi ný vinnubrögð og starfshætti. Kenningar um lærdómssamfélag fagfólks eiga vel við frístundaheimili, en þær byggja á dreifðri og styðjandi forystu, sameiginlegum gildum og framtíðarsýn, faglegu samstarfi, starfsþróun og gagnvirku námi, menningu vinnustaðarins sem styður við samstarf og loks skipulagi starfs og vinnuvenjum.⁷⁴

⁷⁴ Anna Kristín Sigurðardóttir, 2013.

Leiðtogar frístundaheimila og framtíðarsýn um menntun fagstéttar

10

Uppeldismenntaður forstöðumaður stýrir starfseminni og veitir faglega forystu

Stjórnendur á frístundaheimilum bera ábyrgð á mótun frístundastarfsins og innleiðingu vandaðra starfshátta. Í 10. markmiði um gæði í starfi frístundaheimila kemur fram að uppeldismenntaður forstöðumaður skuli stýra starfseminni og veita henni faglega forystu. Ekki þótti raunhæft að kveða á um að forstöðumaður hefði menntun í tómstunda- og félagsmálafræði, sem hefur verið í boði frá árinu 2001 við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Á hvert útskrifast milli 30 og 40 tómstunda- og félagsmálafræðingar með BA-gráðu, fjöldi meistaranema eykst ár frá ári og nú getur fagfólk á vettvangi frítímans sótt sér tvenns konar viðbótardiplómur á meistara-stigi: samskipti og forvarnir annars vegar og stjórnun og þróunarstarf hins vegar. Fjöldi fagmenntaðra hefur langt í frá haldið í við þann ótrúlega vöxt sem hefur verið í frístundastarfi sveitarfélaga, sem og hjá frjálsum félagasamtökum. Starfsvettvangurinn er því afskaplega frjór, starfstækifæri á hverju strái og möguleikar til vaxtar og starfsþróunar miklir.

Forstöðumaður hefur forystu um mótun frístundastarfsins og leitast við að innleiða faglega starfshætti

Viðmið um gæði 10a

Megináherslur náms í tómstunda- og félagsmálafræði eru tómstundir mismunandi aldurshópa, reynslumiðað nám, hálfformlegt og óformlegt nám, félagsuppeldisfræði, lýðræði og tómstundamenntun. Í náminu er lögð rík áhersla á tengingu starfsvettvangs og fræða og síðast en ekki síst hið mikilvæga hlutverk tómstundafræðingsins sem er hlutverk málsvarans: að geta staðið vörð um réttindi þátttakenda í frístundastarfinu og tekist á við flókin álitamál.⁷³

⁷³ Jakob Frímann Þorsteinsson, 2014.

Heimildaskrá

- Ackesjö, H., Lindqvist, P. og Nordänger, U. K. (2018). "Betwixt and between": Leisure-time teachers and the construction of professional identities. *Scandinavian Journal of Educational Research*, 63(6), bls. 884-898.
- Akkerman, S. F. og Bakker, A. (2011). Learning at the boundary: An introduction. *International Journal of Educational Research*, 50(1), bls. 1-5.
- Anna Kristín Sigurðardóttir. (2013). Skóli sem lærdómssamfélag. Í Rúnar Sigbórsson, Rósa Eggertsdóttir og Guðmundur Heiðar Frímansson (ritstjórar), *Fagmennska í skólastarfi: Skrifað til heiðurs Trausta Þorsteinssyni*, 35–53. Reykjavík: Háskólinn á Akureyri og Háskólaútgáfan
- Anthony, K. og Morra, J. (2016). Creating holistic partnerships between school and afterschool. *Afterschool matters*, 24(4), bls. 37-46.
- Bagwell, C. L. og Schmidt, M. E. (2011). *Friendships in childhood and adolescence*. NY: The Guilford Press.
- Booth, T. og Ainscow, M. (2016). *Index for inclusion: a guide to school development led by inclusive values*. Cambridge: Index for Inclusion Network
- Cummins, J. og Early, M. (2011). *Identity Texts: the collaborative creation of power in multilingual schools*. London: Institute of Education Press.
- Dattilo, J. (2012). *Inclusive leisure services*. IL: Sagamore Venture Publishing Inc.
- Davies, D. (1997). Crossing Boundaries: How to create successful partnership with families and communities. *Early Childhood Education Journal*, 25(1).
- Davis, J. M. (2011). *Integrated children's services*. London: SAGE.
- Devaney, E. og Moroney, D. (2018). Out-of-school time learning and 21st century skills. Building on the past to shape the future. Í Malone, H. J. og Donahue, T. (ritstjórar), *The growing out-of-school-time field: Past, present, and future*. NC: Information Age Publishing, Inc.
- Edwards, A. (2011). Building common knowledge at the boundaries between professional practices: Relational agency and relational expertise in systems of distributed expertise. *International Journal of Educational Research*, 50(1), bls. 33–39.
- Evrópumiðstöð um nám án aðgreiningar og sérþarfir. (2017). *Tæki til sjálfsskoðunar í menntunarumhverfi ungra barna án aðgreiningar*. Björck-Ákesson, E., Kyriazopoulou, M., Giné, C. og Bartolo, P. (ritstjórar). Odense, Danmörku. Edda Óskarsdóttir, lektor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands þýddi og aðlagði.
- Eygló Rúnarsdóttir. (2017). Lýðræði og frístundastarf. Í Alfa Aradóttir, Eygló Rúnarsdóttir og Hulda Valdís Valdimarsdóttir (ritstjórar), *Frístundir og fagmennska – Rit um málefni frítímans*. Reykjavík: Félag fagfólks í frítímaþjónustu, Félag íþróttar-, æskulýðs- og tómstundafulltrúa á Íslandi og Rannsóknarstofa í tómstundafræðum.
- Fatou N'dure Baboudóttir og Tinna Björk Helgadóttir. (2018). *Frístundalæsi – Efling máls og læsis á frístundaheimilum Reykjavíkurborgar*. Reykjavík: Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar. Sótt af https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_frettir/fristundalaesi.pdf

- Garst, B. A. (2018). Nature and youth development. Í Witt, P. og Caldwell, L. (ritstjórar), *Youth development principles and practices in out-of-school time settings*. IL: Sagamore Venture Publishing.
- Guldborg, H. (2009). *Reclaiming childhood: Freedom and play in an age of fear*. NY: Routledge.
- Gunnar E. Finnbogason. (2016). Lyklar framtíðar: lykilhæfni í menntastefnu Evrópu og Íslands. *Netla –Veftímarit um uppeldi og menntun*.
- Haglund, B. (2004). *Traditioner i møte. En kvalitativ studie av fritidspedagogers arbete med samlinger i skolan* (Doktorsritgerð) Gautaborg: Haskólinn í Gautaborg.
- Hubner, D. (2009). *Hvað get ég gert við of miklar áhyggjur?: bók fyrir börn til að sigrast á kvíða*. Reykjavík: Árný Ingvarsdóttir og Thelma Gunnarsdóttir.
- Höjholt, C. (2008). Participation in communities. Living and learning across different contexts. *Journal of Australian Research in Early Childhood Education*, 15(1), 1–12.
- Jakob Frímann Þorsteinsson. (2014). Ný menntun í takt við kröfur samtímans: Tómsunda og félagsmálafræði við Háskóla Íslands. *Uppeldi og menntun*, 23(1).
- Jakob Frímann Þorsteinsson. (2017). Tómsundir og menntun. Í Alfa Aradóttir, Eygló Rúnarsdóttir og Hulda Valdís Valdimarsdóttir (ritstjórar), *Frístundir og fagmennska – Rit um málefni frítímans*. Reykjavík: Félag fagfólks í frítímaþjónustu, Félag íþróttar-, æskulýðs- og tómsundafulltrúa á Íslandi og Rannsóknarstofa í tómsundafræðum.
- Jóhanna Einarisdóttir. (2007). Viðhorf barna. Í Jóhanna Einarisdóttir, *Lítill börn með skólatöskur: Tengsl leikskóla og grunnskóla*. Reykjavík: Háskólaútgáfan og RannUng.
- Kolb, D. (1984). *Experiential learning: experience as the source of learning and development*. New Jersey: Prentice Hall.
- Kolbrún Þ. Pálsdóttir. (2009). Frístundaheimili fyrir 6–9 ára börn í reykvisku skólastarfi. *Uppeldi og menntun*, 18(1), bls. 37–59.
- Kolbrún Þ. Pálsdóttir. (2012). Viðhorf sex til sjö ára barna til skóla og frístundaheimilis. Í Jóhanna Einarisdóttir og Bryndís Garðarsdóttir (ritstjórar), *Raddir barna*, bls. 179–202. Reykjavík: Háskólaútgáfan og RannUng.
- Kolbrún Þ. Pálsdóttir. (2014a). *Könnun á starfsemi frístundaheimila haustið 2013*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneyti.
- Kolbrún Þ. Pálsdóttir. (2014b). Viðhorf til náms: Um samþættingu skóla- og frístundastarfs. *Uppeldi og menntun*, 23(1), bls. 81–89.
- Kolbrún Þ. Pálsdóttir. (2017). Um siðferðis- og skapgerðarmenntun – Á óformlegt nám erindi inn í skóla? *Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun*.
- Kolbrún Þ. Pálsdóttir. (2019). Connecting school and leisure-time centre: children as brokers. Í Docket, S., *Listening to children's advice about starting school and school age care*, 99–115. Routledge.

- Kolbrún Þ. Pálsdóttir, Brynja Elísabeth Halldórsdóttir og Ester Helga Líneyjardóttir. (2014). Viðhorf til samþættingar skóla- og frístundastarfs í fjölmenningarskóla. *Tímarit um menntarannsóknir* 11(1), 104–126.
- Kolbrún Þ. Pálsdóttir og Valgerður Freyja Ágústsdóttir. (2011). Gæði eða geymsla? Um frístundaheimili og skóladagvistun fyrir 6–9 ára börn á Íslandi. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2011/alm/003.pdf>
- Kristín Karlsdóttir og Anna Magnea Hreinsdóttir. (2016). *Leikum, lærum og lífum: um grunnþætti menntunar í leikskólastarfi*. Reykjavík: RannUng og Háskólaútgáfan.
- Kristín Jónsdóttir. (2018). Parental involvement in compulsory schools in Iceland (doktorsritgerð). Háskóli Íslands, Menntavísindasvið, Reykjavík.
- Lillemyr, O. F. (2009). Taking play seriously: Children and play in early childhood education: an exciting challenge. NC: Information Age Pub.
- Moloney, M. og Pope, J. (2019). Changes and challenges in school-age childcare in Copenhagen. *International Journal of Primary, Elementary and Early Years Education*, 48(1), bls. 76-86.
- Nanna Kristín Christiansen. (2010). *Skóli og skólaforeldrar: Ný sýn á samstarfið um nemandann*. Reykjavík: Nanna Kristín Christiansen.
- Nieto, S. (2010). *The light in their eyes: creating multicultural learning communities*. NY: Teachers College Press.
- Noddings, N. (1995). *Philosophy of education: Dimensions of philosophy series*. Colorado: Westview Press.
- Rannveig Traustadóttir. (2006). Í nýjum fræðaheimi: upphaf fötlunarfræða og átök ólíkra hugmynda. Í Rannveig Traustadóttir (ritstjóri), *Fötlun: hugmyndir og aðferðir á nýju fræðasviði*, 13–36. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Ritcchart, R. (2015). *Creating cultures of thinking*. San Fransisco: Jossey-Bass.
- Ruth Jörgensdóttir Rauterberg og Kolbrún Þ. Pálsdóttir. (2015). Þátttökurannsókn á tómstundastarfi fyrir 10 til 12 ára börn: Leiðir til að skapa samvinnu- og námsferli í margreytilegum barnahópi. *Netla - Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af http://netla.hi.is/serrit/2015/hlutverk_og_menntun_throskathjalpa/005.pdf
- Sahlberg, P. og Doyle, W. (2019). *Let the children play: How more play will save our schools and help children thrive*. UK: Oxford University Press.
- Schüpbach, M. og von Allmen, B. (2013). Swiss National Report on Research on Extended Education. *International Journal for Research on Extended Education*, 1(1), 18-30.
- Senge, P. (2000). *Schools that learn: a fifth discipline fieldbook for educators, parents and everyone who cares about education*. NY: Doubleday.
- Simoncini, K., Cartmel, J. og Young, A. (2015). Children's Voices in Australian School Age Care. *International Journal for Research on Extended Education*, 3(1).

- Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar. (2013). *Lesið í leik – Læsisstefna leikskóla*.
Reykjavík: Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar (ábyrgðarmaður: Ragnar Þorsteinsson).
- Snæfríður Egilsson. (2016). Skólapátttaka fatlaðra nemenda: Viðvera tryggir ekki þátttöku. Í Dóra S. Bjarnason, Hermína Gunnþórsdóttir og Ólafur Páll Jónsson (ritstjórar), *Skóli margbreytileikans: menntun og manngildi í kjölfar Salamanca*, 117–136. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Stanek, A. H. (2012). Pædagogers bidrag til skolen. Í P. Hviid og C. Höjholt, *Fritidspædagogik og børneliv*, 102-128. Kaupmannahöfn: Hans Reitzels Forlag.
- Steingerður Kristjánsdóttir og Kolbrún Þ. Pálsdóttir. (2017). Frístundaheimili – Vettvangur barnanna. Í Alfa Aradóttir, Eygló Rúnarsdóttir og Hulda Valdís Valdimarsdóttir (ritstjórar), *Frístundir og fagmennska – Rit um málefni frítímans*. Reykjavík: Félag fagfólks í frítímaþjónustu, Félag íþrótta-, æskulýðs- og tómstundafulltrúa á Íslandi og Rannsóknarstofa í tómstundafræðum.
- Ulrike Schubert. (2017). *Gæðastund: samþætting á skóla- og frístundastarfi í Snælandsskóla, Kópavogi*. Lokaverkefni til M.Ed. prófs á Menntavísindasviði Háskóla Íslands.
- Vanda Sigurgeirsdóttir. (2017). Einelti, leiðir og lausnir. Í Alfa Aradóttir, Eygló Rúnarsdóttir og Hulda Valdís Valdimarsdóttir (ritstjórar), *Frístundir og fagmennska – Rit um málefni frítímans*. Reykjavík: Félag fagfólks í frítímaþjónustu, Félag íþrótta-, æskulýðs- og tómstundafulltrúa á Íslandi og Rannsóknarstofa í tómstundafræðum.
- Witt, P. A. og Caldwell, L. (2018). *Youth Development principles and practices in out-of-school time settings*. IL: Sagamore-Centure.
- Þórdís Þórðardóttir. (2012). Að læra til telpu og drengs: Kynjaðir lærdómar í leikskóla. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af <http://netla.hi.is/menntakvika2012/016.pdf>
- Ævar Aðalsteinsson og Jakob Frímann Þorsteinsson. (2015). Útivist í þéttbýli. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af http://netla.hi.is/serrit/2015/um_utinam/alm/001.pdf

